



Siðmennt

- Enskt heiti: *Icelandic Ethical Humanist Association.*
- Félag um borgaralegar athafnir.
 - Borgaraleg ferming.
 - Borgaraleg nafngjöf.
 - Borgaraleg hjónavígsla.
 - Borgaraleg útför.
- Félag innan Siðmenntar:
 - SAMT: Samfélag trúlausra.
- Félag stofnað af Siðmenntarmönnum og stutt af Siðmennt:
 - SARK: Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju.

Upphaf Siðmenntar



Hope Knútsson, formaður
Siðmenntar.

- Upphafsmaður Siðmenntar var **Hope Knútsson** (1943-).
 - 1988: Fyrsta undirbúningsnámskeiðið fyrir borgaralega fermingu.
 - 1989: Fyrsta borgaralega fermingin.
 - 16 fermdir.
 - Áralangar ritdeilur í kjölfarið um réttmæti þess að tala um borgaralegar fermingar.
 - 1990: Siðmennt stofnað.
 - 1994: SARK stofnað.
 - 1998: SAMT stofnað.
 - 2002: Siðmennt er fyrst hafnað um skráningu trúfélags hjá Hagstofunni.
 - 2004: 85 fermdir borgaralega, 662 frá upphafi.



Starfsemi Siðmenntar

- Borgaralegar athafnir skipulagðar með námskeiðshaldi.
- Fundahald.
- Gengst fyrir blaðaskrifum.
- Útgáfa:
 - Fréttabréf.
 - Vefur: www.sidmennt.is.
- Fjármögnun:
 - Félagsgjöld.
 - Styrkur frá menntamálaráðuneytinu fyrstu starfsárin.
 - Sjálboðavinna.



Sjálfsskilningur Siðmenntar

- Framan af var tekist á um það hvort Siðmennt ætti að kenna sig við siðrænan húanisma.
 - Á aðalfundi Siðmenntar í febrúar 2005 var samþykkt að skilgreina félagið sem húanískt og var nafni þess breytt í: *Siðmennt – félag siðrænna húanista á Íslandi*.
 - Einnig var samþykkt stefna í samræmi við þau almennu siðferðisgildi sem alþjóðasamtök húanista, International Humanist and Ethical Union (IHEU), samþykkti með yfirlýsingu á alþjóðþingi sínu árið 2002.
 - „Á aðalfundi Siðmenntar í febrúar 2008 var lögum og stefnu félagsins breytt á þá leið að félagið skilgreindi sig sem *lífsskoðunarfélag* (enska: *life stance organization*), en sú skilgreining byggir á því að félagið fjalli um siðferði, þekkingarfræði (heimsmyndin og hverju við trúum) og félagslegar athafnir fjölskyldna, rétt eins og trúarleg lífsskoðunarfélög (trúfélög) gera jafnan.“ (Vefur Siðmenntar.)



Dæmi um sjónarmið Siðmenntar

- Segist standa „utan við öll trúarbrögð og allar trúarlegar kenningar“.
 - Framan af var þetta orðað svona: „Félagið stendur utan við allar trúarlegar bábiljur og gervivísindi.“
- Segist standa „vörð um rétt hvers manns til sjálfsákvörðunar um eigið líf, svo sem í kynlífi, kynhneigð, fóstureyðingum og líknardauða.“
- Jöfn staða allra trúarbragða og lífsskoðana er sögð m.a. fela í sér aðskilnað ríkis og kirkju.
 - Siðmennt hefur útbúið eyðublað á netinu þar sem hægt er að koma á framfæri kvörtunum yfir óeðlilegum tengslum trúar og kennslu.
 - Segja fjölmarga hafa haft samband til að kvarta undan trúaráróðri, kirkjuheimsóknum og bænahaldi.
 - „Þar sem ég óska þess að barnið mitt alist upp við lífssýn trúleysis þótti mér ótækt að það þyrfti að sitja trúfræðslutíma í kristni. Hafði ég því samband við skólastjórn til að spyrja hvort það væri eitthvað mál að undanbiðja barnið kristnifræði ... Auðvitað vildi barnið frekar láta sig hafa yfirnáttúrukennsluna heldur en að verða gert að athlægi í skólanum.“




Borgaralegar fermingar

- Íslenska orðið feming er sagt vera þýðing á latneska orðinu „confirmare“ sem merki að styðja eða styrkja.
- Allir geta fermst borgaralega óháð trúarbrögðum viðkomandi.
- Kennt er eftir sérstakri námskrá þar sem m.a. er fjallað um lífsviðhorf og efahyggju.
- Markmiðið er m.a. það að „nemendum verði ljóst mikilvægi þess að þekkja ólík trúarbrögð og trúleysi til að skilja hugsanir og gerðir fólks og virða þá sem eru frábrugðnir þeim sjálfum.“
 - „Meðal annars er fjallað um mannleg samskipti, gagnrýna hugsun, siðfræði, að taka ákvarðanir, mismunandi lífsskoðanir og lífsstíl, ... fordóma og fjölmenningu, trúarheimspeki, ... hamingjuna og tilgang lífsins ... námsefnið er óháð trú og trúarbrögðum. Það er ekkert kennt í námskeiði okkar sem er gegn trú eða kristni.“ (Hope Knútsson: „Fermingarfrelsi í tuttugu ár.“ *Fréttablaðið*. 19. september 2007. Bls. 30.)
 - „... nær 1000 ungmenni hafa hlotið húmaníska lífssýn í gegnum fermingarfræðslu félagsins ...“ (Svanur Sigurbjörnsson: „Húmanismi – lífsskoðun til framtíðar.“ *Morgunblaðið*. 30. september 2007. Bls. 55.)

Borgaraleg ferming

Undirbúningsnámskeið



Lesbók

- Forsíða lesheftisins sem notað er í undirbúningsnámskeiðum fyrir borgaralega fermingu.
 - Á nokkrum af næstu glærum eru síður eða brot úr þeim sem færa má rök fyrir að varði trúarleg efni.
 - Það er aðallega komið undir kennaranum og hvernig trúarhugtakið er skilgreint hvort kennslan geti talist trúarleg með einhverjum hætti.

Að efast, um dularfullar gátur tilverunnar. Margt er til sem erfitt er að útskýra. Ýmis dularfull fyrirbæri verða skoðuð og fá þátttakendur að velta því fyrir sér hvað skynsamlegt er að taka trúanlegt og hvað ekki.



Hamingjan og tilgangur lífsins. Hamingjan er án efa það mikilvægasta sem hægt er að hugsa sér. Fjallað er um hamingjuna og tilgang lífsins og fá þátttakendur að velta fyrir sér sínum eigin hugmyndum um hamingjuríkt líf.

Um dularfullar gátur lífsins

Hvað er satt og hvað er ósatt?

Hvað er ímyndun og hvað er veruleiki?

Hverju getur maður trúað?



Sumt er erfitt að útskýra

Oft birtast fréttir og frásagnir af atburðum sem margir trúa á en erfitt er að færra sönnur fyrir. Það er því ekki undarlegt að fólk spyrji sig að því hvort til séu fyrirbæri eins og geimverur, álfar, huldufólk, draugar, kraftaverkalækna og guð. Hvað finnst þér?

FRÉTTABLAÐIÐ


5. nóvember 2004 FÖSTU

PETTA GERDIST

Beið þú eftir geimverum

A sjötta hundráð manns lögðu leið sína að Snæfellsjökli þar sem komu geimvera var vænst á þessum degi árið 1993. Sá orörómur hafði komist á kreik að geimverur myndu lenda á Snæfellsjökli þetta tilfeka kvöld, þó aldrei hefði verið staðfest hvaðan sú vitneskja kom, en lét fólk það ekki á sig fá. Dreifibréf voru borin í öll hús á Hellissandi þar sem fram kom að von væri á geimverunum kl. 21:07. Á sjötta hundráð manna flýktust fyrir ofan þorpið þar sem oddvitinn Gunnar Már Kristófersson var í fararbroddi, en hann hafði fengið umboð frá hrepps-

nefndinni til að bjóða geimverurnar velkomnar. Fólk þú beið lengi en létu geimverurnar ekki sjá sig þrátt fyrir að skotið hafi verið upp flugeldum til að vísa þeim veginn. Í hópnun mátti finna erlenda fréttamenn og þar á meðal sjónvarpstökulið frá bandarísku fréttastöðinni CNN, en eftir á kom sú hugmynd upp að ljósagangur og flugeldar hefðu fælt geimverurnar frá. Hvað svo sem olli því að engar geimverur létu sjá sig þá hafði fólk gaman að þessari skritnu upptöku þrátt fyrir kulda og eljagang sem gekk yfir.



5. NÓVEMBER 1993
Á sjötta hundráð manna beið eftir geimverum við rætur Snæfellsjökuls, en komu þeirra var vænst kl. 21.07.

FRÉTTABLAÐIÐ

30. október 2004 LAUG

PETTA GERDIST

Innrásin frá Mars

Orson Welles olli miklu uppnámi hjá bandarísku þjóðinni á þessum degi árið 1938 þegar hann hóf lesur á leikriti sínu sem fjallaði um innrás frá Mars en fjöldi útvarpslustenda taldi þetta fréttalutning. Í stað hins fasta útvarpsleikrits byrjaði hljómsveit að spila danstónlist og skömmu síðar trullaði rödd þekktar útvarpsmanns tónlistina og tilkynnti að óþekktur furðuhlutur hefði lent á stóru opnu svæði nálægt New York borg. Tilkynningunni fylgdi viðtal við frægan vísindamann frá Princeton háskóla sem lýsti því að furðulegar verur með hrikaleg vopn hefðu stigið út úr hlutnum

og svo virtist sem óvinir frá Mars væru að ráðast á Bandaríkin. Næst kom viðtal við lögreglu og her sem sögðu að almenningur ætti að halda ró sinni, en ættu að undirbúa sig að verja heimili sitt og bjóð ef til þess kæmi og myndi útvarpsstöðin koma skilaboðum til almennings eins lengi og hægt væri. Skömmu seinna voru allar línur á útvarpsstöðinni og hjá lögregluinni rauðglóandi þar sem fólk vildi fá upplýsingar um hvert það gæti flúið. Á skömmum tíma höfðu þúsundir manna yfirgefið heimili sín til að keyra úr borginni sem olli gífurlegum umferðarþunga.



30. OKTÓBER 1938
Bandaríska þjóðin trúði því að raunveruleg innrás frá Mars hefði átt sér stað þegar Orson Welles las leikrit sitt í útvarpinu sem fjallaði um efnid.

MERKISATBU

- 1811 Hroki og hley Jane Austín nafnlöus.
- 1961 Eitroröma ák á sovétka fjarlægja í Leníns.
- 1963 Fyrsti Lar kemur á
- 1975 Jóhann völdum Francis beðni
- 1998 Hrók fyrk rarb Har be
- 2001 M

Getur þetta verið satt?

Dularfullir atburði hafa verið að eiga sér stað í tengslum við Ísmanninn svonefnda. Getur verið að það sé Ísmaðurinn sjálfur sem er ábyrgur fyrir dauða fólksins sem talað er um í greininni öllum þessum árum eftir að hann sjálfur dó? Hvað haldið þið?



Fylgir bölvun Ísmanninum?

- Sýnery AFP. | Fyrir 14 árum fannst 5.300 ára gamalt, íræði lík af steinaldarmanni í jökulsporði í fóltsku Ópanum og nú eru sex menn, sem tengdust fundinum, látnir. Þykir það með mestu ólíkindum og eru margir farnir að trúa því, að bölvun hafi fylgt Ísmanninum eða Ótzi sína og fornmaðurinn hefur verið kallaður.
- Fyrir hálfum mánuði fannst foraleifraedlingurinn og sameindalfræðingurinn Tom Loy látnir á heimili sínu í Brisbane í Australía. Var hann yfirmáður foraleifraansóknadeildar hóskólans í Ouseensland og nýbúinn aðleggia lókaðind á bók um Ísmanninum. Segja stjórnir Loyo, sem var 63 ára, að hann hafi hjólast af blóðsjúkdomi, sem greinist skömmu eftir að hann fór að hafa afskipti af Ísmanninum. Hinir fimn, sem höfva við sögu eru: Helmut Simon, 87 ára. Hann fann Ísmanninn en hræddi til dauða fyrir ári er hann var í fjallöngu á líkam síðum.
- Foraleifraedlingurinn Konrad Spindler, 55 ára, en hann varð fyrstur til að rannsaka óskalega vel varðveitt lík Ísmanninum. Hann var með MS-sjúkdom.
 - Rainer Henn, 64 ára. Hann var yfirmáður hópsins, sem rannsakaði Ísmanninn og lést í apríl.
 - Rainer Hehl, 47 ára blóðamaður, sem tók myndir af líkfræðingnum. Eina-mein hans var trúin því, að bölvun fylgi Ísmanninum, skýra hana þannig, að hann hafi reiðst því, að grafarré hans var rökstætt eftir 63 aldir.

Úr hjólastól á hjólaskauta

Predikarinn Charles Indifone, sem kom til Íslands og hélt samkomu í lækningaskyni, hefur einnig verið í Færeyjum. Þar segja blöð frá því að maður hafi stigið úr hjólastól og farið á hjólaskauta eftir samkomu hjá honum. Landlæknir ekki hrifinn.

PREDIKARI Landlæknir telur að Charles Indifone, predikarinn sem kom hingað á vegum Krossins og annarra trúfélaga, blekki fólk á samkomum sínum.


„Við erum ekki endilega að segja að það sé mönnum skadlegt

—◆—
 „Það er ekki frá okkur komið að hægt sé að kasta öllum lyfjum fyrirvaralaust. Við bendum fólk á að hafa samráð við lækni.“

—◆—
 Hann segir manninn hafa auglýst að hann geti læknað alnæmi,

krabbamein og lifrabólgu. „Við erum ekki hrifin af slíkum yfirlýsingum því sá sem segist geta læknað þessa sjúkdóma á einni samkomu er augljóslega að blekkja, fyrir utan þá staðreynd að það er ekki heimilt samkvæmt lögum,“ segir Haukur.

Hann segist vissulega bera virðingu fyrir trúnni og máttur hennar sé mikill svo lengi sem menn beri ekki skaða af. Hann



KROSSINN

Gunnar Þorsteinsson í Krossinum segir ekki til neis svör við því hvemig standi á að einn læknist fremur en annar á samkomum Charles Indifone. Lækningin komi frá Guði en ekki predikaranum sjálfum.

bendir á að vitað sé um í það minnsta eitt tilfelli þar sem maður þurfti að leggjast inn á sjúkrahús vegna þess að hann hætti að nota lyf sem voru honum nauðsynleg.

hús vegna þess að hann hætti að nota lyf sem voru honum nauðsynleg.

Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, sem átti aðild að því að fá Charles Indifone hingað, segir að vissulega hjóti ekki allir lækningu. „Við eigum engin svör við því hvers vegna einn en ekki annar læknast. Þessi maður hefur unnið talsvert í Danmörku og þar hefur verið rituð bók um lækningar hans. Það er enginn vafi á að margir hljóta bót meina sinna og ég var að fá eintak af færeysku dagblaði þar sem segir af manni sem steig úr hjólastól og skautar nú á hjólaskautum.“

Gunnar telur að það heyri til algjörra undantekninga að fólk telji sig læknað og skadist af. „Við leggjum ríka úherslu á að menn geri ekkert nema í samráði við sinn lækni og það er ekki frá okkur komið að hægt sé að kasta öllum lyfjum fyrirvaralaust. Það breytir ekki því að Guð hefur hjálpað mörgum fyrir tilstilli þessa manns því það er ekki hann sem læknar heldur kemur lækningin frá Guði,“ segir Gunnar Þorsteinsson.

Charles Indifone er væntanlegur aftur í maí.

bergjot@frettabladid.is

Hefur lífið einhvern tilgang?

Vandinn um tilgang lífsins tekur á sig ýmsar myndir. Spyrja má:

- Hver er tilgangur lífsins?
- Hver er tilgangur lífs míns?
- Hversvegna erum við hérna?
- Hvert er hlutverk okkar?
- Hefur lífið yfirhöfuð einhvern tilgang?
- Getum við komist að því hver tilgangur lífsins er?
- Er mögulegt að lífið sé tilgangslaust?
- Þarf lífið að hafa einhvern tilgang?
- Er hægt að lifa tilgangslausu lífi?
- Hvað einkennir þá einstaklinga sem lifa tilgangslausu lífi?

Hver er þín skoðun?

10. bréf

Um dularfullar gátur tilverunnar

Margt er til sem erfitt er að útskýra. Í þessum tíma skoðum við ýmis dularfull fyrirbæri og veltum því fyrir okkur hvað hægt er að taka trúanlegt og hvað ekki. Eru t.d. til draugar? Og ef svo er hvað er það? Eru spádómar þannig að þeim sé treystandi? Margt fleira er hægt að velta fyrir sér þegar dularfullir atburðir eru annars vegar. En skoðum viðfangsefnið sem eru í möppunni.

1) **Beið eftir geimverum.** Eins og sjá má beið fjöldi fólks efri geimverum á Snæfellsnesi 1993. Þetta er forvitnilegt en hvað heldur þú að sé í gangi?

- Trúir þú að geimverur séu í raun til?
- Heldur þú að fólk sé beið eftir geimverunum hafi í raun trúað þessu eða bara verið að skemmta sér?

2) Innrásin frá Mars.

Hér ætla ég ekki að láta þig vinna verkefni heldur lestu greinina og þá færðu bara hugmynd um það hvernig fólk getur látið blekkjast um ýmis dularfull fyrirbæri.

3) Úr hjólastól á hjólaskauta.

- Getur verið að til sé eitthvað sem kalla má kraftaverk? Er t.d. einhver sem getur í raun læknað alnæmi, krabbamein og lifrabólgu með þeim hætti sem kraftaverkalæknirinn segist gera?
- Telur þú líklegt að einhver hafi farið úr hjólastól á hjólaskauta eins og talið er að gerst hafi í Færeyjum á svona samkomu? Er hægt að útskýra hvað sé í gangi?
- Hvað finnst þér um skoðun landlæknis sem telur að predikarinn sé að blekkja fólk? Ertu sammála honum eða ósammála?

4) Fylgir bölvun ísmanninum?

Getur það verið að það sé Ísmaðurinn sem er orsakavaldurinn að dauða þessara manna sem nefndir eru í greininni? Ef svo er hvernig má útskýra það? Ef svo er ekki hvernig útskýrir þú þá þessa atburði.

11. bréf. Um hamingjuna og tilgang lífsins

Í þessum tíma er rætt um hamingjuna og tilgang lífsins. Þetta er eitthvað sem margir telja vera það mikilvægasta í lífinu. Ástæðan er sú að ef við erum ekki hamingjusöm þá verður lífið harla dapurt og sama má segja ef við finnum lífi okkar engan tilgang.

Hamingjan og tilgangur lífsins tengjast og því er fjallað um bæði fyrirbærin í sama tímanum.

Í möppunni þinni aftast sérðu nokkrar greinar um hamingjuna og hið góða líf sem ég bið þig um að lesa:


- Fyrst eru það greinar sem segja frá niðurstöðum alþjóðlegrar hamingjumælingar en þar segir að Íslendingar séu í fremstu röð hve varðar hamingju. Lestu greinarnar og svaraðu síðan spurningunum sem eru efst á sömu blaðsíðu og greinarnar eru á En spurningarnar eru: Telur þú að það sé rétt að Íslendingar séu hamingjusamari en aðrir? Ef svo er hver kann að vera skýringin á þessari hamingju? Nefndu nokkur atriði sem þér dettur í hug. Hvað skyldi valda óhamingju þeirra sem eru óhamingjusamir?
- Þarna er grein sem segir frá ýmsum mismunandi sjónarmiðum um það hvað maður getur gert til þess að lifa góðu lífi. Greinin heitir "Hvað á maður að gera til þess að lifa góðu lífi?" Lestu yfir öll þessi sjónarmið og segðu mér síðan á hvort einhver skoðun höfðar meira til þín en einhver önnur. Aðhyllist þú einhverja skoðun sem kefmur fram eða hefur þú kannski allt aðra skoðun? Það er að segja hver er þín hugmynd um hið góða líf? Hvað á maður að gera að þínu mati til þess að lifa góðu lífi? 3)
- Einnig er að finna í þessum kafla umræðupunkta um hamingjuna og spurningar sem kallast Hefur lífið einhvern tilgang? Þetta eru aðallega atriði sem við notum í umræðutímum þannig að þú þarft ekki að skrifa neitt um þá en ef þú vilt ræða þá við einhverja þá gæti það verið góð hugmynd. Einnig ef þú hefur ákveðna skoðun á einhverjum af þessum punktum máttu alveg senda mér.



SARK

- Baráttumálin:
 - Aðskilnaður ríkis og kirkju.
 - Afnema ber 62. grein stjórnarskrárinnar.
 - Kenna ber um helstu trúarbrögð heims í grunnskólum án hlutdrægni.
 - Þjóða þarf upp á almenna trúarbragðafræðslu við Guðfræðideild HÍ.
- Stuðla að greinaskrifum í fjölmiðlum.
- Samtökin eru sögð óháð trúmálum.
 - SARK var stofnað af frumkvæði siðmenntarmanna og hefur frá upphafi notið stuðnings Siðmenntar.
 - Margir af forystumönnum Siðmenntar hafa einnig verið í forystu SARKs en þar hafa sömuleiðis starfað einstaklingar frá t.d. Húmanistahreyfingunni, Ásatrúarfélaginu og Fríkirkjunni í Reykjavík.

MINNINGAR



Björgvin Brynjólfsson

OG LÍFSSÝN

- **Björgvin Brynjólfsson** (1923-2007), einn af stofnendum Siðmenntar, hafði forgöngu að stofnun SARKs.
 - Segist hafa verið skyggn í æsku en fljótlega gerst guðleysingi og ekki látið fermast.
 - Siðmenntarfólk var í meirihluta á undirbúningsfundi SARKs í ársbyrjun 1993 en stofnfundinum sem átti að halda í tengslum við aðalfund Siðmenntar var frestað til októbers 1994.
 - Árið 1995 sóttu 25 manns fyrsta aðalfund SARKs en skráðir meðlimir voru 246.

Manndómur

Um líkt leyti og ég tók að aðhyllast jafnaðarstefnuna gerði ég mér grein fyrir að ríkiskirkja var í andstöðu við lýðræði og fullt trúfrelsi. Það mun hafa verið sumarið 1932 sem þessi skoðun mín var fullmót- uð. Þá tók ég þá ákvörðun að láta ekki ferma mig þegar ég hefði aldur til. Það jók mjög áhuga minn á kristnum fræðum með þeim afleið- ingum að ég varð guðleysingi. – Fann engan sannleika í Mósebókum Biblíunnar, sem þó eru undirstöður bæði gyðingdóms, kristindóms og Íslams. Um það bil helmingur mannkynsins virðist aðhyllast þess- ar trúarhefðir, nauðugir eða viljugir. – Heilapvegnir með síbylju trúarbragða og vana. Afstaða mín til ungbarnaskírnar og tengingar hennar við nafngjafir barna eru að mínu mati hámarksforræðis- hyggja. Fyrirbærið kalla ég óafturkallanlegt gerræði. – Trúartengda nauðgun smábarna. Nauðgun þarf ekki ævinlega að vera kynferðis- leg. – En nauðgun er alltaf óafturkallanleg, hvernar gerðar sem hún er. Trúgirni er andleg fötlun sem stafar af skorti á dómgreind. – Sjálf- stæðri hugsun. Styrjaldir og hvers kyns ofbeldis og hryðjuverk eiga rætur sínar í spilltu ríkisvaldi og trúarbrögðum. Eftir því sem sam- band þessara aflu er nátengdara eru þau hættulegri öllum, bæði vinum og óvinum. Á þeim árum sem ég vann að stofnun Samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju hringdi til mín þjóðkirkjuprestur og talaði um samskipti ríkis og kirkju. Eftir langt samtal spurði hann mig um mína eigin trú og ég svaraði: „Ég trúi aðeins því sem mér finnst trúlegt. – Og varast að þykjast trúa því sem ég trúi ekki.“ Hann lagði á símann án þess að kveðja. Ég fann að ég hafði hitt í mark. Hann var efahyggjumaður. Þeir eru margir í þjóðkirkjunni.



- **Þorlákur Karlsson**, núverandi forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, var einn af fyrstu talsmönnum SARKs í fjölmiðlum.
 - Var ráðgjafi hjá Íslenskum markaðsrannsóknum – Gallup 1990-1998 og síðar rannsóknarstjóri og framkvæmdastjóri Gallups til 2004.
 - Á þessum tíma spyr Gallup reglulega um afstöðu manna til aðskilnaðar ríkis og kirkju.

Björgvin G. Sigurðsson - Windows Internet Explorer

http://wayback.vefsafn.is/wayback/20070326105202/http://bjorgvin.is/01tenglar.cfm?teng=10

File Edit View Favorites Tools Help

☆ Favorites Björgvin G. Sigurðsson Björgvin G. Sigurðsson Björgvin G. Sigurðsson x

Afrit frá mán. 26 mar. 2007, kl. 10:52 « Fvri | Næsta » Útgáfa 11 af 26 Síó http://bjorgvin.is/01tenglar.cfm?

J F M A M J J A S O N D J F M A M J J A S O N D J M A M J J A S O N D J F M A M J J A S O N D

2005 2006 2007 2008

Til móts við nýja tíma Björgvin G. Sigurðsson 1.sæti

Forsíða

Greinasafn

Þingstjóri

Björgvin

Tenglar

Fyrirspurnir

Myndabanki

Bæklingur

Það geta allir tekið þátt í opnu prófkjöri

Tenglar

Íslenskir stjórnmalavefir

Samfylkingin í sveitarstjórnnum

Vefsíður jafnaðarmanna

Innlendir fjölmiðlar

Stéttar- og fagfélög

Innlend stjórnsýsla

Jafnaðarmannaflokkar víða um heim

Erlend vefrit um stjórnmal

Evrópusamvinna

Mannréttindamál

Siðmennt - félag um borgaralegar athafnir

Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmalum

Félag samkynhneigðra stúdenta

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Mannréttindasamtök innflyjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra

Amnesty International

Sameinuðu þjóðirnar

Heimasíða útlægrar ríkisstjórnar Tíbet


Menntamál

Umhverfisverndarsamtök

Bókavefir

Leitarvélar

Netið



nýjar greinar

Mars Fréttablaðið

30% námslána verði styrkur

14. mars Þingtjóndi Alþingis

Erindi frjálslýndrar jafnaðarstefnu - ræða á eldhúsdagi

Október 2004 Ræða á Alþingi

Menntun og aftur menntun

Mars Blaðið

Kvótakerfið bundið í stjórnarskrá

Febrúar Morgunblaðið

Vanrækslusýndir í samgöngumálum

Febrúar DV Kjallari

Herdeild græna fálkans

Febrúar Blaðið

Miðlungar í menntamálum

Febrúar Fréttablaðið

Náttúruvernd á nýjum grunni

Febrúar Morgunblaðið

Breytum lögum um LÍN

Febrúar Sunnlenska fréttablaðið

Styrkjum stöðu náttúruvendar

Nokkrir jafnaðarmenn

- Björgvin G. Sigurðsson fyrrverandi viðskiptaráðherra hefur bæði setið í stjórn Siðmenntar og SARKs.
 - Á vef hans fyrir bankahrunið vísaði hann á Siðmennt í tengslum við mannréttindamál.



SAMT

- Lengi var um það rætt innan Siðmenntar að stofna þyrfti „trúfélag trúlausra“.
 - T.d. í 3. tbl. *Fréttabréfs Siðmenntar* 1997 og 2. tbl. 1998.
- 1998 var SAMT (Samfélag trúlausra) stofnað af nokkrum félagsmönnum Siðmenntar.
 - „Samfélag trúlausra er umræðuhópur innan Siðmenntar sem hittist reglulega og ræðir lífsskoðanir og siðferði án guðstrúar.“
 - Trúleysi er skilgreint þannig að það sé „að vera laus við trú á guð eða guði“.
 - „... samveran með skoðanasystkinum ... var svo notarleg að við viljum bjóða fleirum að njóta hennar með okkur.“ (*Fréttabréf Siðmenntar*. Nóv. 1998.)
 - Félagsmenn verja málstaðinn með skipulögðum hætti, svo sem með blaðaskrifum og þrýstingi á embættismenn og stofnanir.
 - Kvörtuðu t.d. við umboðsmann barna út af trúarlegu barnaefni í sjónvarpi árið 2001.

Við höldum að töluverður hluti félagsmanna sé trúlaus, þ.e. laus við trú á "guð" eða "guði". SAMT hópurinn hefur haft jákvæð áhrif á okkur, sem taka þátt í honum. Við höfum fundið fyrir mikilli hlýju, viðurkenningu og stuðningi við hvert annað og um leið uppgötvað að okkur hefur skort slíkt í íslensku samfélagi þar sem kristni er talin sjálfsgæður hlutur.

Það vill svo til að allir SAMT félagar eru með netföng og hafa skilaboð, skoðanaskipti og stuðningsbréf flogið á milli okkar, stundum nokkrum sinnum á dag! Fyrir utan að ræða og hlæja saman í notalegu umhverfi hafa SAMT félagar verið að safna saman lýsingum hvers og eins um hvenær og hvernig við urðum trúlaus. Við höfum m.a. hjálpað hvert öðru að lifa af jólastandið í þjóðfélaginu og rætt um hvort trúlaust fólk hræðist dauðann meira eða minna en hinir trúuðu. Síðast en ekki síst höfum við látið okkur dreyma um að sækja um styrk fyrir næsta ár til að stofna fræðslumiðstöð fyrir trúlausa með bókasafni og kennsluherbergi þar sem bæði fermingarnámskeið Siðmenntar og fullorðinsfræðsla gæti farið fram.

Ennfremur datt okkur í hug að gefa út jólakort næsta vetur með fallegri mynd og texta um uppruna jólahátíðar fyrir mörg þúsund árum þegar fólk fagnaði endurfæðingu ljóssins (sólarinnar). Þetta getur verið skemmtileg fjáröflun fyrir Siðmennt.

Formlega eru markmið SAMT að tryggja jafnrétti lífsskoðana og þar með réttindi trúlausra, vinna að skilgreiningu á siðfræði án guðshugmynda, og berjast gegn "sjálfvirkum" aðgangi trúarbragða að skólum og opinberum fjölmiðlum. SAMT er opið þeim sem telja sig trúlausa.

- Hope Knútsson: „Skýrsla formanns.“ *Fréttabréf Siðmenntar*. Maí 1999.

Tvær konur sem fluttu til útlanda og mæta ekki lengur á mánaðarlega fundi SAMT taka enn þátt í skemmtilegum umræðum hópsins sem fer fram á tölvupóstsformi. Andrúmsloftið er hlýtt, afslappað og uppbyggilegt. Fólkið er á öllum aldri, frá tvítugu upp í áttæðisaldur. Við ræðum saman um bækur um trúleysi, mannkynssögu og heimspeki, hlæjum mikið, styðjum hvert annað, segjum frá hvernig og af hverju við urðum trúlaus, fáum útrás í hneykslun okkar á skeytingarleysi annarra um fólk sem stendur utan trúfélaga, og ræðum hvernig má bæta rétt þess.

- Hope Knútsson: „Fyrsti áratugur Siðmenntar.“ *Fréttabréf Siðmenntar*. Maí 2000.



Tengsl Siðmenntar við erlendar hreyfingar

- Erlendar hreyfingar sem Siðmennt hefur tengsl við:
 - **International Humanist and Ethical Union (IHEU).**
 - **Council for Secular Humanism.**
 - **Human etisk forbund.**
 - **Atheist Alliance International.**
 - **National Secular Society** í London.
- Þær hreyfingar sem starfandi eru í Bandaríkjunum eru flokkaðar sem trúarhreyfingar innan frjálslyndu fjölskyldunnar af trúarbragðafræðinginum J. Gordon Melton.




Alþjóðlegt merki siðrænna húmanista



- Merkið nefnist *Happy Human*.

Félag sem Siðmennt hefur tengsl við:

International Humanist and Ethical Union




- Kallast á íslensku: *Alþjóðasamtök siðrænna húmanista*.
 - Stofnað í Hollandi 1952 af ýmsum samtökum, t.d.:
 - **American Ethical Union.**
 - **American Humanist Association.**
 - Öll aðildarsamtök þurfa að samþykkja skilgreiningu félagsins á húmanisma þar sem segir m.a.:
 - „Hann er ekki guðstrú og samþykkir ekki yfirnáttúruleg sjónarmið um raunveruleikann.“ (Lög félagsins nr. 5.1.)
 - Tvær megin stefnur:
 - Róttækir guðleysingjar.
 - Siðræn menning með áherslu á borgaralegar athafnir.
 - Meðlimafjöldinn sagður um 3 milljónir í 100 samtökum í 40 löndum.
 - Höfuðstöðvarnar eru í London.
 - Fyrsti formaðurinn var **Jaap van Praag** (1911-1981).
 - Núverandi forseti er **Sonja Eggerickx**.

American Ethical Union



- Árið 1876 stofnaði **Felix Adler** (1851-1933), þýzkættaður gyðingur, *Ethical Cultural Society* í Bandaríkjunum.
 - Fyrsta siðræna húmanistafélagið.
 - Síðar mynduðu nokkur siðræn húmanistafélög í Bandaríkjunum *American Ethical Union*.
- Telur sig vera trúfélag án trúarsetninga sem sameini fólk með ólíkan bakgrunn í leit að siðrænu lífi.
 - Meðlimir skilgreina siðræna menningu (ethical culture) sem guðlaus húmanísk trúarbrögð.
 - Meðlimir líta á sig sem trúaða vegna þess að þeir skilja lífið sem stórkostlega, dulúðlega og heilaga gjöf sem berí að sýna djúpa virðingu og segja trúarbrögðin byggja á þessum siðrænu hugmyndum.
- Dómstólar í Washington (1957) og Texas (2003) hafa úrskurðað að félög samtakanna geti flokkast sem trúfélög og notið þeirra réttinda sem því fylgir.
- Einn af stofnaðilum *International Humanist and Ethical Union* 1952.

Húmanískir guðleysingjar meðal unitara




- Í byrjun 20. aldar var húmanismi einkum boðaður innan ...
 - American Ethical Union.
 - The Free Religious Association.
 - The American Unitarian Association.
- Um 1920 komu fram ýmsir yfirlýstir guðleysingjar meðal unitara:
 - **John H. Dietrich** (1878-1957) unitaraprestur.
 - **Curtis W. Reese** (1887-1961) unitaraprestur.
 - **Charles Francis Potter** (1885-1962) unitaraprestur sem varð fyrstur til að yfirgefa unitara og stofna húmanistafélag árið 1929. Var guðfræðilegur ráðgjafi lögfræðings Scopes í Scopes-aparéttarhöldunum árið 1925.

Dr. Charles Francis Potter


300

Árin þöglu í ævi Jesú



- Ein af bókum Potters kom út hjá Bókaútgáfunni Þjóðsögu árið 1984 í þýðingu sr. Árelíusar Níelssonar og Gísla Ólafssonar.

American Humanist Association



- Samtök stofnuð árið 1941 í Bandaríkjunum til að sameina sem flesta húmanista, m.a. úr röðum unitara.
 - Hýsa fjölmörg húmanísk viðhorf, svo sem trúarleg og guðleysi.
 - Stefnuyfirlýsingin *A Humanist Manifesto* frá 1933 var aðdragandi stofnunar samtakanna.
 - *Humanist Manifesto II* frá 1973 var skrifuð á vegum samtakanna.
 - Tilgangurinn er boðun húmanisma:
 - „Humanism is a progressive lifestance that, without supernaturalism, affirms our ability and responsibility to lead ethical lives of personal fulfillment that aspire to the greater good of humanity.“ (www.americanhumanist.org/3/HumandItsAspirations.php)
 - Litu á sig sem trúarhreyfingu um tíma:
 - Á 7. áratugnum fengu samtökin skattafríðindi og önnur réttindi sem trúarsamtök.
 - 1991 tóku samtökin yfir Humanist Society, yfirlýst trúarsamtök frá 1939.
 - Endurskilgreindu sig sem menntasamtök árið 2003 og fórnðu skattafríðindum sem trúarsamtök.
 - Einn af stofnaðilum *International Humanist and Ethical Union* 1952.
 - Klofningur um 1980 þegar *Council for Secular Humanism* var stofnað.




American Humanist Association velur húmanista ársins

- Frá 1953 hafa samtökin árlega valið húmanista ársins, t.d.:
 - Daniel C. Dennett – 2004.
 - Richard Dawkins – 1996.
 - Kurt Vonnegut – 1992.
 - Ted Turner – 1990.
 - Isaac Asimov – 1984.
 - Carl Sagan – 1981.
 - Corliss Lamont – 1977.
 - B.F. Skinner – 1972.
 - Erich Fromm – 1966.
 - Carl Rogers – 1964.
 - Julian Huxley – 1962.

Félag sem Siðmennt hefur tengsl við:

Council for Secular Humanism



- Stofnað um 1980 af **Paul Kurtz** (1925-) þegar hann sagði skilið við *American Humanist Association*.
 - Regnhlífasamtök fyrir ýmis guðleysingjafélög.
 - Höfuðstöðvarnar eru í New York.
 - Aðili að *International Humanist and Ethical Union*.
 - Áhersla á veraldlegan húmanisma.
 - Öllu yfirnáttúrulegu er hafnað.
 - Áhersla á almennt siðferði.
 - Vilja ekki láta skilgreina sig sem trúarsamtök og hafa stöðu menntasamtaka í Bandaríkjunum.
- Kurtz hefur verið einn helsti leiðtogi guðleysingja í Bandaríkjunum.
 - Prófessor í heimspeki við Ríkisháskóla New York í Buffalo.
 - Einn af höfundum *Humanist Manifesto II*.
 - Stofnandi og stjórnandi Prometheus Books útgáfunnar.
 - Hóf fyrstur að tala um „veraldlegan húmanisma“ (secular humanism). Fram að því litu margir húmanistar á húmanisma sem trúarbrögð óháð afstöðu til hins yfirnáttúrulega.



- Jill Tarter (1944-) er bandarískur geimfari sem unnið hefur við rannsóknir á lífi á öðrum hnöttum.
 - Carl Sagan byggði skáldsöguna *Contact* á sögu Tarters og vann Jodie Foster náíð með henni við gerð myndarinnar.
 - Hope Knútsson segir frá fyrirlestri Tarters hjá Council for Secular Humanism:
 - „Jill ... segir að skortur á sönnunargögnum um annað vitsmunalíf sé ekki sönnun þess að það sé ekki til. Hún hélt því fram að það að finna vitsmunalíf annars staðar væri það sama og að guð væri ekki til. ... Jill Tarter telur að skipulögð trúarbrögð séu mesta ógnin við áframhaldandi líf á jörðinni.“ (Hope Knútsson: „Ráðstefna í Los Angeles ...“ *Fréttabréf Siðmenntar*. Nóv. 2000.)

Félag sem Siðmennt hefur tengsl við: **Human etisk forbund**



- Stofnað í Noregi 1956.
- Fékk stöðu trúfélags í Noregi 1981 á þeirri forsendu að sem lífsskoðunarfélag væri það jafngilt trúfélagi.
- Fjölmennasta húmanistafélag heimsins með 72.000 meðlimi.
- **Åse Maria Kleveland** (1949-), menningarmálaráðherra Noregs fyrir Verkamannaflokkinn 1990-1996, er núverandi stjórnandi félagsins.

Félag sem Siðmennt hefur tengsl við:

Atheist Alliance International




- Alþjóðleg samtök guðleysingja sem stofnuð voru í Bandaríkjunum 1991.
 - Alls 58 félög í 10 löndum eiga aðild, flest í Bandaríkjunum.
 - Samfélag trúlausra (á vegum Siðmenntar) á Íslandi á aðild.
- Samtökin hafa frá 2003 veitt árleg *Richard Dawkins verðlaun* til þess guðleysingja sem helst endurspeglar líf og boðun meistarans:
 - James Randi – 2003.
 - Daniel C. Dennett – 2007.
 - Aayan Hirsi Ali – 2008.
- Samtökin hafa verið leidd af **Margaret Downey** frá 2006.

A Humanist Manifesto



- Fyrsta stefnuyfirlýsing húmanista kom út árið 1933.
 - Talar um mikilvægi þess að ný trúarbrögð verði mynduð.
 - Kallar húmanisma trúarhreyfingu sem komi í stað þeirra fyrri trúarbragða sem grundvölluð hafi verið á yfirnáttúrulegum opinberunum.
 - Andmælir þjóðfélögum sem grundvallast á auðsöfnun og hampar alheimsjafnréttisþjóðfélagi grundvölluðu á gagnkvæmdri samvinnu.
 - Lítur svo á að hugsjónir húmanista séu í stöðugri þróun.
- Samin af húmanistum úr röðum unitara en þrír af þeim 34 sem skrifuðu undir hana voru yfirlýstir guðleysingjar.
 - Helstu höfundar:
 - **Raymond Bennett Bragg** (1902-1979) unitaraprestur.
 - **Roy Wood Sellars** (1883-1973) unitari.

Humanist Manifesto II




- Önnur stefnuyfirlýsing húmanista kom út árið 1973.
 - Mun ítarlegri en sú fyrra.
 - Hvetur til stofnunar alþjóðlegs dómstóls.
 - Hvetur m.a. til lögleiðingu fóstureyðinga.
 - Hafnar öllu yfirnáttúrulegu.
 - „No deity will save us; we must save ourselves ...“
 - „... the battle for humankind's future must be waged and won in the public school classroom by **teachers who correctly perceive their role as the proselytizers of a new faith: a religion of humanity** that recognizes and respects the spark of what theologians call divinity in every human being.“
- Höfundar stefnuyfirlýsingarinnar:
 - **Edwin H. Wilson** (1898-1993) unitaraprestur.
 - **Paul Kurtz** (1925-).



Humanist Manifesto III

- Árið 2003 tók nefnd á vegum American Humanist Association saman stutt skjal með sex grundvallarsjónarmiðum húmanista sem 21 nóbelsverðlaunahafi skrifaði undir:
 - Knowledge of the world is derived by observation, experimentation, and rational analysis.
 - Humans are an integral part of nature, **the result of unguided evolutionary change.**
 - Ethical values are derived from human need and interest as tested by experience.
 - Life's fulfillment emerges from individual participation in the service of humane ideals.
 - Humans are social by nature and find meaning in relationships.
 - Working to benefit society maximizes individual happiness.

Fleiri húmanískar stefnuyfirlýsingar



- Árið 1980 gaf *Council for Secular Humanism* út stefnuyfirlýsinguna *A Secular Humanist Declaration*.
 - Tekin saman af Paul Kurtz og að mestu sótt í *A Humanist Manifesto II* sem hann hafði verið meðhöfundur að.
 - M.a. efahyggja um trúarefni árétuð.
- Árið 2000 skrifaði Kurtz bókina *Humanist Manifesto 2000* sem hann byggði á fyrri stefnuyfirlýsingum.




Úr tillögu Pauls Kurtz um nýja stefnuyfirlýsingu húmanista

■ Sýnishorn:

- „Við styðjumst við skynsemi og vísindi til að öðlast skilning á alheiminum og viðfangsefnum samfélagsins.“
- „Við hörmum allar þær tilraunir sem í gangi eru til að gera sem minnst úr mannlegri skynsemi og leita í staðinn skýringa og björgunar í yfirnáttúrulegum fyrirbærum.“
- „Við ... teljum að lýðræði sé besti kosturinn til að vernda mannréttindi ...“
- „Við styðjum aðskilnað ríkis og kirkju.“
- „Við leitumst við að tryggja réttlæti og sanngirni og útrýma umburðarleysi og ofsóknum.“
- „Við virðum réttinn til einkalífs. Fullorðið fólk á þar að ... fylgja kynhneigð sinni að eigin vild ... og fá að deyja í reisu.“
- „Við setjum traust á almenn siðræn verðmæti: Tillitsemi, heiðarleika, drengskap, sannsögli, ábyrgð. Siðfræði húmanismans er ávallt lögð á mælistiku gagnrýnninnar og upplýstrar hugsunar. Saman sköpum við tiltekna siðræna reglur og dæmum gildi þessara reglna eftir árangrinum.“
- „Við erum þeirrar skoðunar að húmanisminn sé raunhæfur valkostur við trúarbrögð örvæntingar og hugmyndafræði ofbeldis. Húmanisminn er uppspretta ríkrar persónulegrar reynslu og ánægju við að hjálpa öðrum.“

Úr kynningarefni frá Siðmennt af vefnum:

Hvað er siðrænn húmanismi?



- **Anfinn Stigen** (1923-1994) var prófessor í heimspeki við Háskólann í Osló í Noregi:
 - „Hver er tilgangur lífsins? Til hvers erum við hér? Við erum hér til að stuðla að hamingju Jarðarbúa innan þeirra marka sem náttúran setur ...“ (Anfinn Stigen.)
 - „Það er grunnforsenda Lamonts að við eigum aðeins þetta eina líf og það er ekki aðeins réttur okkar heldur skylda að gera þessa einu tilvist okkur öllum eins gleðiríka og gæfusama sem frekast er unnt ... án nokkurs stuðnings yfirnáttúrulegra afla. Umfram allt verðum við að gefa upp vonir um líf hinum megin þar sem allar okkar óskir geti ræst. ... Það er talsýn að vænta gæfu og gengis annars staðar ...“ (Vefur Siðmenntar.)

Úr kynningarefni frá Siðmennt af vefnum:


Hvað er siðrænn húmanismi?



- **Kjartan Selnes** er norskur félagsfræðingur og siðrænn húmanisti:
 - „Siðrænn húmanismi er lífsviðhorf sem leggur áherslu á gildi mannsins. Hann fjallar um sömu tilvistar- og siðrænar spurningar og trúarbrögðin: tilgang lífsins og svo framvegis, en á grundvelli sem er ekki trúarlegur ... Húmanismi er líka svar við skipulögðum trúarbrögðum.“ (Kjartan Selnes.)

Úr kynningarefni frá Siðmennt af vefnum:

Hvað er siðrænn húmanismi?



- **Corliss Lamont** (1902-1995) var bandarískur heimspekingur og jafnaðarmaður:
 - „Hamingja (gæfa) mannsins hér í þessum heimi er ávallt það mikilvægasta í augum húmanista ... Slík hamingja er ... ekki háð neinni æðri veru, ósýnilegum drottnara jarðar og alheims.“ (Corliss Lamont.)
 - „Allt sem er raunverulegt ... er náttúran. ... Utan (eða ofan) við náttúruna eða alheiminn er ekki neitt. Þess vegna verður að hafna öllu yfirnáttúrulegu svo sem guði eða guðlegu afli (guðlegri orku). Mannkynið getur aðeins treyst á sjálft sig ... Meðvitund mannsins er tengd starfsemi miðtaugakerfisins órjúfandi böndum og getur því ekki haldið áfram að vera til eftir dauðann ...“ (Corliss Lamont.)

Forystumenn Siðmenntar:

Hvað er siðrænn húmanismi?



- **Gísli Gunnarsson** prófessor er í *Fréttabréfi Siðmenntar* í maí 2000 sagður „aðalfræðimaður okkar og hugmyndafræðingur“:
 - „Ég lagði sérstaka áherslu á stöðu mína sem **agnostíkers**, trúleysingja, sem að vísu tryði ekki á yfirnáttúrulegan mátt en viðurkenndi samt fúslega að margt í þessum heimi væri enn þá óútskýrt. Sú væri hins vegar **trú** mín að öll væri veröldin einnar gerðar og skiptist ekki í efnisheim og andaheim. ... sannfæring mín væri hins vegar sú að hér væri um að ræða fyrirbæri sem tilheyrðu eina tilvistarheiminum sem ég tryði á, því lífi sem við lifðum. Ég lagði áherslu á að hér væri um trú og sannfæringu mína að ræða sem væri í sjálfu sér ekkert “sannanlegri” og því “réttari” en trú eða sannfæring annarra. ... Húmanismi er **mónismi** (einhyggja), þ.e. veröldin er aðeins eins eðlis og skiptist ekki í tvö eins og **dúalismi** (tvíhyggja) gerir ráð fyrir (skipting í “náttúrulegt” og “yfirnáttúrulegt”). ... Ég er húmanisti og því mónisti. ... H.J. Blackham, fremsti talsmaður siðrænna húmanista í Bretlandi í hálföld, taldi grundvöll húmanismans vera ... * **Maðurinn ber einn ábyrgð á lífi sínu (engin guðleg eða yfirnáttúruleg afskipti)** * **Þetta líf sem við lifum núna er það eina sem við eigum.**“ (Gísli Gunnarsson: „Forsendur trúleysis og siðræns húmanisma.“ *Fréttabréf Siðmenntar*. Maí 1998.)



Forystumenn Siðmenntar:

Hvað er siðrænn húmanismi?

- Svanur Sigurbjörnsson læknir og stjórnarmaður í Siðmennt:
 - „Í húmanismanum felst heimspekileg náttúruhyggja (að lífið eigi sér náttúrulegar skýringar), skynsemishyggja (treysta á vitræna getu okkar) og efahyggja, þ.e. að nýjar staðhæfingar eða tilgátur séu ekki teknar trúarlegar nema að þær standist rökfræðilega skoðun og prófanir, t.d. með aðferðum vísindanna. ... Ég vil hvetja það fólk sem telur sig vera húmanista að skrá sig „utan trúfélaga“ á skrifstofu Þjóðskrár og ganga til liðs við Siðmennt.“ (Svanur Sigurbjörnsson: „Húmanismi – lífsskoðun til framtíðar.“ *Morgunblaðið*. 30. september 2007. Bls. 55.)

Hvað er húmanismi?

UMRÆÐAN

Lífsskoðanir

Húmanistar eru þeir einstaklingar sem aðhyllast svokallaðan húmanisma (manngildishyggju) en hann hefur í raun fylgt manninum frá örófi alda þó að skilgreiningin sjálf sé ekki nema um 150 ára gömul. Húmanismi birtist t.d. í því að manneskjan hefur þurft að reiða sig á rökvísi sína, fyrirhyggju og jákvætt samstarf við annað fólk til þess að komast af. Þegar við lýsum tegundinni manninum (homo sapiens) sem „hinum viti borna manni“ erum við í raun að höfða til kjarna húmanismans. Það er geta mannsins til að skoða umhverfið og finna í því eiginleika sem eru jafnvel utan beinnar skynjunar skilningarvitanna og nota þá sér í hag. Það er hin greinandi hugsun og getan til að búa til verkfæri og flytja þekkinguna á milli kynslóða.

Lífsskoðanir (life stance) eru samansafn þeirra hugmynda sem lúta að því hvernig við horfum á heiminn, hvernig við útskýrum lífríkið og náttúruna og hvaða aðferðum við viljum beita til að afla nýrrar þekkingar (þekkingarfræði) og vita hvernig við eigum að hegða okkur gagnvart hvert öðru og umhverfi okkar (siðfræði). Þá eru menningarlegar hugmyndir um framkvæmd mannfagnaða vegna persónulegra lífsáfanga og tryggðarbanda oft samofinn hluti af lífsskoðunum fólks. Þekkingarfræði húmanista byggir á því að



SVANUR SIGURBJÖRNSSON

notast einungis viðrökfræðilegar (vísindalegar) aðferðir og tilraunir á hinum þekktu efnisheimi til að afla staðreynda um heiminn, lífið og tilveruna. Húmanismi (manngildishyggja) byggir á mannvirðingu, einstaklingsfrelsi, samábyrgð, lýðræði og vísindalegri aðferðafræði. Skynsemishyggja (rationalism) og veraldarhyggja (secularism) eru ríkir þættir í húmanisma. Lífsskoðunarfélögum má skipta í annars vegar trúfélög og svo aftur veraldleg félög sem ekki trúa á guð eða guði eins og Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi. Hin almenna skilgreining á trú er sú að fylgjandinn trúi á einhvers konar æðri mátt eða guðlegan anda.

Húmanistar eru því ekki trúaðir og eiga það sameiginlegt með trúleysingjum (non-believers) og guðleysingjum (atheists). Guðleysi og trúleysi eru hins vegar mun afmarkaðari hugtök en manngildishyggja því þau skilgreina í raun einungis að manneskjan sé ekki trúuð, burtséð frá öðrum lífsskoðunum hennar. Það eru því til trúleysingar sem gætu ekki talist til húmanista þó að trúleysið sé þeim sameiginlegt.

Höfundur er læknir og félagi í Siðmennt.

- Þýðir ensku hugtökin „non-believers“ og „atheists“ rétt.
- Gengur út frá þröngri innihaldsskilgreiningu á trúarhugtakinu.
- Gengur út frá því að húmanistar séu ekki trúaðir og segir að húmanisminn sé ein af birtingarmyndum guðleysis og trúleysis.
 - Samkvæmt þessu er ekki hægt að segja að trúaðir einstaklingar (að mati höfundarins) geti talist húmanistar.



Afstaðan til trúarbragða

- Stjórnarmeðlimur Siðmenntar um hófsöm trúarbrögð:
 - „... það eru ekki aðeins bókstafstrúarmenn sem ógna húmanískum gildum eins og mannréttindum heldur einnig hin svokölluðu hófsömu trúarbrögð með því að viðhalda grunninum að hinum trúarlega forneskjulega hugmyndaheimi þeirra.“ (Svanur Sigurbjörnsson: „Húmanismi – lífsskoðun til framtíðar.“ *Morgunblaðið*. 30. september 2007. Bls. 55.)

dagbók

5-9-07
33

Í dag er miðvikudagur 5. september, 248. dagur ársins 2007

Orð dagsins: Jesús sagði við hann: Far þú, trú þín hefur bjargað þér. Jafnskjótt fékk hann sjónina og fylgdi honum á ferðinni. (Mark. 10,52.)

Mannréttindi | Maryam Namazie með fyrirlestra miðviku- og fimmtudag

Íslam og mannréttindi

Maryam Namazie er íranskur mannréttindafrömuður, húmanisti og fyrirlesari. Hún er komin hingað til lands í boði Siðmenntar – félags siðrænna humanista, Skeptíkusar – félags trúlausra stúdenta, Kvenréttindafélags Íslands og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

Hope Knútsson er formaður Siðmenntar, og segir mikinn feng að komu Maryam hingað til lands: „Maryam er stofnandi félagsskaparins Ráðs fyrirverandi múslíma á Bretlandi, hóps einstaklinga sem sagt hafa skilið við íslam. Markmið hennar með framtakinu er að vekja athygli á því að samkvæmt bókstaf íslamstrúar varðar það við dauðarefsingu að yfirgefa trúna, og stuðla að framförum innan íslams,“ útskýrir Hope. „Maryam er einnig mikill kvenréttindafrömuður, eftirsóttur álitsgjafi um Íran, Miðausturlönd, trúarbrögð og stjórn máli í hinum íslamska heimi.“



► Hope Knútsson fæddist í New York borg 1943. Hún lauk bachelorsgráðu í sálfræði og heimspeki frá City University of New York og mastersgráðu í iðjubjálfun frá Columbia University. Hope var m.a. formaður Geðhjálpur um 5 ára skeið, stofnandi og formaður Félags nýrra Íslendinga, Fjölmeningarráðs og var formaður Iðjubjálfafélags Íslands í 22 ár. Hún var einn af stofnendum Siðmenntar, og hefur verið formaður félagsins í rúman áratug. Hope er gift Einari Knútssyni flugv. og eiga þau börnin Tryggva og Kötlun.

Maryam flytur fyrri fyrirlestur sinn í dag, miðvikudaginn 5. september kl. 12 til 13 á Hallveigarstöðum: „Yfirskrift fyrirlestrarins útleggst á íslensku Réttindi kvenna, blæjan og íslamskt yf-

irvald. Þar ræðir hún um eigin reynslu og þær áskoranir sem mæta konum í hinum íslamska heimi, og beinir sjónum sínum sérstaklega að hlutverki blæjunnar sem hún vill meina að sé ekki valfrjáls klæðnaður kvenna eins og margir vilja halda fram,“ segir Hope.

Fimmtudaginn 6. september flytur Maryam fyrirlestur í stofu 101 í Odda kl. 12.15 til 13:15 undir yfirskriftinni Afneitun trúarinnar, fyrirverandi múslimar og áskoranir pólitísku íslams. „Meðal umfjöllunarefna fyrirlestrarins er fjölmening, og algild mannréttindi. Maryam gagnrýnir meðal annars þau sjónarmið að fjölmening kalli á að öll sjónarmið séu talin jafnrétt há, en að hennar mati verður að taka raunhæfa afstöðu til þess að margar þær skoðanir sem fylgja m.a. íslömskum áhrifum eru bæði rangar og hættulegar og eiga ekki að vera umbornar í nafni fordómaleysis og fjölmeningar.“

Finna má nánari upplýsingar á www.sidmennt.is.

Vill engu kurteisi í garð íslamista

FB
6.9.07
2

„Það á ekki að sýna íslamistum kurteisi.“ Þetta segir Maryam Namazie stofnandi Samtaka fyrrverandi múslima í Bretlandi. Hún varar við uppgangi íslam og umburðarlyndi gagnvart lögum sem stangast á við almenn mannréttindi.

RÉTTINDAMÁL „Blæjan er allt annað en fatnaður eða venjulegur höfuðklútur. Rétt eins og spennitreyja og lífkpokar eru ekki fót, eða skírlífisbelti voru ekki flíkur, eða Davíðs stjarnan sem fest var á gyðinga á tímum helfararinnar var ekki hluti fatnaðar,“ sagði Maryam Namazie, stofnandi Samtaka fyrrverandi múslima í Bretlandi, í erindi sem flutt var á vegum Alþjóðastofnunar, Siðmenntar og Skeptíkusar í gær.

Maryam er fædd í Teheran í Íran en fluttist þaðan með fjölskyldu sinni árið 1980 eftir að klerkastjórn náði völdum í Íran og stofnaði íslamskt lýðveldi undir forystu Ayatollah Khomeini. Hún hefur unnið að fjölda mannúðarmála víðs vegar um heiminn.

„Þið óttist að vera kölluð rasistar eða vera sökuð um óumburðarlyndi ef þið setjið út á íslam ... Sumt er einfaldlega ekki hægt að þola

Á fundinum kom Maryam inn á málefni sem fáir hafa hróflað við hér á landi. „Þið óttist að vera kölluð rasistar eða vera sökuð um skort á umburðarlyndi ef þið setjið út á íslam. En sumu á ekki að sýna umburðarlyndi. Sumt er einfaldlega ekki hægt að þola,“ segir Maryam. Hún telur Vesturlönd og vestrænar kvennahreyfingar vera að bregðast konum með því að berjast ekki gegn þeirri kúgun gagnvart konum og börnum sem íslam viðhaldi. Sagði hún ómögulegt að skilja hvers vegna Vestur-



AÐGERÐARSINNI GEGN UPPGANGI ÍSLAM Maryam segir að kurteisi Vesturlandabúa gagnvart íslam sé ekki eina ástæðan fyrir því að fólk þori lítið að gagnrýna trúarbrögðin og það sem þau hafi í för með sér. Fólk sé líka hrætt við íslamista og það sé ekki að undra miðað við þau viðbrögð sem strangtrúaðir hafi sýnt við gagnrýni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

lönd brygðust ekki við því að grýta mætti konur til dauða samkvæmt íslömskum lögum, taka samkynhneigða af lífi og meina litlum stúlkum út úr brennandi húsum væru þær ekki með blæju. Vísaði hún til fjölmargra annarra fréttamála sem hún furðaði sig á að hefðu ekki vakið meiri reiði á Vesturlöndum en raun bæri vitni. Í ljósi þeirra dæma sagði hún ólíkandi að íslamistar fengju að blekkja fólk á Vesturlöndum með því að tala um réttinn til að bera blæju og láta þetta tákun kúgunar eins og hún kallar það líta fallega út fyrir Vesturlandabúum.

Maryam benti einnig á að Vesturlönd hefðu átt þátt í því að íslam

hefði náð enn meiri fótfestu í sumum löndum en áður hefði verið og nefndi sem dæmi Afganistan og Írak.

Maryam sagði Íslendinga, sem og aðrar þjóðir, eiga að gæta sín á því að hér mynduðust ekki svokölluð gettó án þess að gagnkvæm aðlögun yrði. Ástæðan væri sú að í slíkum hópum næðu ofstækisfullir leiðtogar ávallt undirtökum.

Í lokin áminnti hún fólk um að flestir múslimar væru gott fólk rétt eins og gengur og gerist. Það væruu lögin sem sett væru í krafti íslams sem væru slæm. „Það er í gangi helför gegn konum og henni eigum við að berjast gegn.“

karen@frettabladid.is

Dæmi um afstöðu til trúartákna á almannafæri



Við ættum að vera eins hlutlaus í trúarlegum efnum á almannafæri og við getum, ekki bera trúna stöðugt utan á okkur. Mér finnst sem guðleysingja ekki gott að rekast stöðugt á tákn trúarinnar á almannafæri, eins og þeim sé þröngvað upp á mig, ekki ætla ég að þröngva mínu guðleysi upp á aðra.“

- Viðtal við Ayaan Hirsi Ali, sómalískan guðleysingja frá Hollandi sem hlaut Richard Dawkins verðlaunin 2008 frá alþjóðasamtökum guðleysingja. Bækur hennar hafa komið út í íslenskri þýðingu. (Kristján Jónsson: „Gat ekki afborið hræsnina.“ *Morgunblaðið*. 10. september 2007. Bls. 14.)

UMRÆÐAN

Um trúfræðslu og trúboð í skólum

Eftir Sigurð Hólm Gunnarsson

EVROPUNEFND sem vinnur gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi gaf út skýrslu nú fyrir skömmu um stöðu mála á Íslandi. Í skýrslunni er kristinfræðikennsla í skólum gagnrýnd. Kristinfræðslan er skyldufag sem kann að valda fordómum

og getur verið erfið fyrir foreldra að sækja um undanþágu fyrir börnin sín.

Kristinfræðsla í skólum yfir undir fordóma

Í fyrsta lagi er ekki boðið upp á neina þjónustu fyrir nemendur sem ekki sækja kristinfræðitíma og því þurfa þeir yfirleitt að hanga einir á göngum skólanna á meðan kennslan stendur yfir.

Í öðru lagi getur það reynst afar erfið fyrir börn að sleppa kristinfræðslunni af félagslegum ástæðum. Fátt þykir óruggum börnum og unglingum erfiðara en að vera stimpluð öðruvísi og mörg dæmi eru um að nemendur hafi orðið fyrir áreiti, og stundum einelti, frá skólafélögum og jafnvel kennurum vegna þess að þau sitja ekki kristinfræðsluna, eru annarrar trúar eða trúlaus.

Stjórn Siðmenntar berast reglulega athugasemdir frá foreldrum barna vegna óeðlilegra tengsla trúar í skólastarfi. Hér eru örfá nýleg dæmi:

„Í einum kristinfræðitímanum það kennarinn alla sem tryðu á Guð að rétta upp hönd! Dóttir mín þorði ekki annað en rétta upp hönd eins og allir hinir.“

„[Dætur mínar komust í] vandræði vegna hneykslunartals kennara á trúleysi þeirra, voru báðar skammaðar beint fyrir framan bekkinn fyrir að trúa ekki á guð.“

„Þegar einn kennaranna frétti [að barnið mitt ætlaði að fermast borgaralega...] hélt hann langar tölur yfir bekknum um siðleysi trúleysis og borgaralegrar ferðingar.“

„Einu sinni til tvisvar á ári er farið með börnin í kirkju til messu. [...] ég það um að barnið mitt færi ekki. Var tekið nokkuð vel í það en

þó sagt að slíkt væri kannski ekki hægt nema finndist starfsmaður sem vildi vera eftir til að gæta barnsins á meðan allir færu til messu. Var mér gert ljóst að ég væri að skapa vesen.“

Trúboð ekki fræðsla

Í frétt Morgunblaðsins síðastliðinn fimmtudag fullyrðir biskup að kristinfræðslan sé „ekki trúboð heldur fræðsla um trúarbrögð sem meirihluti landsmanna aðhyllist...“ Gott ef satt væri. Kristinfræðslan í skólum er yfirleitt kennd í formi trúboðs en ekki hlutlausrar fræðslu. Enda ekki undarlegt þar sem flestar bækur sem notaðar eru til kennslunnar eru skrifaðar af prestum. Bækurnar fjalla um godsagnir kristinnar trúar eins og um staðreyndir væri að ræða og börn hvergi vöruð við því að efnið sé ekki byggt að sagnfræðilegum staðreyndum.

Í sumum skólum eru haldnir bænadagar, börn látin búa til bænabækur með kristnum bænnum og í sumum skólum eru börn látin fara með kristna bæn við upphaf kennslutíma hvern morgun!

Í aðalnámsskrá grunnskóla er auk þess gert ráð fyrir því að kristin trú og godsögur hennar séu staðreyndir: „Kristin trú á sér rætur í sögulegum atburðum, allt frá tímum Gamla testamentisins, sem ná hámarki í lífi og starfi, dauða og upprisu Jesú Krists.“ (bls. 7–8.)

Líf, starf og dauði Jesú eru ekki sögulegir atburðir. Sagnfræðilegar heimildir benda ekki til þess. Hvað þá meint upprisa Jesú.

Enn fremur er kveðið á um það í námsskránni að „kristilegt siðgæði [eigi] að móta starfshætti skólans ásamt umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi.“ (bls. 8.) Þarna er óbeint sagt að umburðarlyndi, lýðræði og siðferði séu sérstaklega kristin fyrirbæri. Það er vitanlega ekki rétt. Það er erfið fyrir sjálfs-

mynd þeirra sem ekki eru kristnir (trúlausir eða annarrar trúar) að hlusta á slíkan áróður.

Námsskráin segir svo skýrt og skilmerkilega frá því að lokarmiðin með kristinfræðikennslu séu að börn „efli trúarlegan... þroska sinn“. (bls. 13.) Auk þess eiga börnin að gera „sér grein fyrir því hvaða þýðingu krossdauði Jesú og upprisutímin [hafi] fyrir kristna einstaklinga andspænis dauðanum og þá von sem henni tengist.“ (bls. 21.) Menn hljóta að spyrja sig hvort slík trúfræði eigi heima í skólum? Hvaða þýðingu hefur krossdauðinn þá fyrir trúlausa og þá sem eru annarrar trúar? Á að kenna börnum að þau fari til helvístis?

Trúarbragðafraeði sem hluti af sagnfræðikennslu

Ekkert er óeðlilegt við að kenna börnum um uppruna og áhrif hina ýmsu trúarbragða á mannkynssöguna. Kennslan verður þó að vera byggð á veraldlegum grunni en ekki guðfræðilegum. Í skólum á að kenna staðreyndir sem staðreyndir og godsagnir sem godsagnir. Ekki godsagnir sem staðreyndir og ófugt. Það er verkefni foreldra að innræta börnum trúarhugmyndir ef þeir það kjósa.

Kristin trú og önnur trúarbrögð hafa haft mjög mikil áhrif á líf og aðstæður manna í gegnum tíðina, bæði slæm og góð. Mjög mikilvægt er því að skólar fræði nemendur sína um þessi áhrif á hlutlausan og óhlutdragan hátt. Það hvetur hins vegar, rétt eins og Evrópunefndin bendir á, bæði til fordóma og umburðarleysis þegar kennarar eru settir í trúboðshlutverk presta og saklausir skólakrakkar gerðir, óspurðir, að sóknarbörnum ríkiskirkjunnar.

Höfundur er blaðamaður og varaformaður Siðmenntar.

Kristin fræði og trúarbragðafræði

Eftir Bjarna Randver Sigurvinsson

EVROPUNEFND gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi birti nýverið skýrslu sem varðar m.a. kristin fræði í grunnskólum landsins. Samkvæmt lögum ber að kenna kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í skyldunámi hér á landi, en samt eru aðeins kristin fræði tilgreind í skýrslunni og hvatt til þess að öllum börnum sé tryggt tækifæri til að fræðast um mismunandi trúarbrögð. Það er rangt sem haldið hefur verið fram í sumum fjölmiðlum að kristinfræðikennsla í skólum sé gagnrýnd í skýrslunni. Þar er aðeins gagnrýnt að í sumum tilvikum hafi reynst erfitt fyrir börn að fá undanþágu frá kristinfræði enda hafi nefndinni verið tilkynnt um það, en hún hvetur til að boðið verði upp á aðra fræðslu í staðinn fyrir þá sem það vilja.

Sú áthugasemd að erfitt hafi reynst að fá slíka undanþágu hefur komið á óvart og segist menntamálaráðherra t.d. ekki vita til þess að það hafi verið vandkvæðum bundið. Komið hefur fram að oftast séu það Vottar Jehóva sem sækja um undanþágu og virðist það jafnan hafa verið auðsött mál. Fólk af öðrum trúarbrögðum sækist hins vegar sjaldnast eftir slíkri undanþágu.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 segir að skólinn sé „fræðslustofnun en ekki trúboðsskóli“, enda eigi þar fyrst og fremst „að miðla þekkingu og auka skilning á kristinni trú og öðrum trúarbrögðum“. Undir þetta hafa margir tekið, m.a. biskup og prestar þjóðkirkjunnar sem segja að kennslan eigi ekki að vera trúboð heldur fræðsla um trúarbrögð þorra landsmanna og helstu heimstrúarbrögðin.

Í forystugrein í Morgunblaðinu 12. júlí er tekið undir þessi sjón-

armið um leið og mikilvægi kristinna fræða og trúarbragðafræða í skólakerfinu er áréttað. Þar segir að þar sem þekking á kristindómnum sé nauðsynleg til að skilja menningu og siði landsmanna sé „engin leið að láta eins og kristindómurinn komi þeim ekki við, sem ætlar að búa á Íslandi“. Sömuleiðis geti kristnir menn ekki skilið aðra menningarheima nema kunna skil á þeim trúarbrögðum sem hafi mótað þá.

Kristinfræðikennsla í grunnskólum hefur verið gagnrýnd af fáeinum einstaklingum á þeirri forsendu að þar sé um trúboð að ræða og hafa dæmi verið tilgreind í því sambandi. Enda þótt misbrestur kunni að hafa orðið á í einstaka tilfellum dregur það ekki úr vægi fræðigreinarinnar. Hætta á innrætingu er auk þess ekki bundin við kristin fræði því að kennarar geta allt eins misnotað aðstöðu sína hvað varðar t.d. siðfræðileg álitamál, sagnfræðistefnur og stjórnmál. Margt bendir hins vegar til að kristnum fræðum hafi ekki verið sinnt sem skyldi víða í skólakerfinu á liðnum árum og má allt eins tilgreina dæmi um kennara sem hafa dregið úr vægi kennsluefnisins eða sniðgengið það alveg. Kemur það ekki á óvart þar sem kennsla í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum er ekki skyldugrein við Kennaraháskólann, aðeins valgrein. Því ber að fagna að menntamálaráðherra segi það koma til greina að gera athugun á tilhögun námsins í grunnskólum.

Í ljósi þess hversu mikilvæg kristin fræði eru, ekki aðeins til skilnings á sögu og menningu þjóðarinnar heldur einnig alls hins vestræna heims, má spyrja hvort ástæða sé til að veita undanþágu frá henni. Evrópunefndin virðist líta á það sem mannréttindi að börn geti fengið undanþágu frá kristinfræðslu. Sé kennslan hins vegar fagleg en ekki trúboð má allt eins spyrja hvort það geti ekki verið rangt að veita undanþágu þar sem barnið færi þá á mis við bráðnauðsynlega grunnmenntun. Það er æði margt í menntakerfinu, sem er á skjön við hugmyndafræði

sumra þeirra trúarhópa, sem fengið hafa opinbera viðurkenningu hér á landi. Enda þótt þessir trúarhópar afneiti þróunarkenningu og víki frá ýmsum viðteknum siðferðisviðhorfum er ekki þar með sagt að rétt sé að hlífa börnum úr þeirra röðum við náttúrufræði, jarðfræði eða siðfræði í skólum landsins.

Ástæða þess að Vottar Jehóva kjósa að sniðganga kristin fræði er einkum sú hversu ólíkar trúarhugmyndir þeirra eru þeim kristindómi sem helstu kirkjudeildirnar eru grundvallaðar á. Í aðalnámskránni segir að nemendur 8. bekkjar skuli kunna skil á „helstu kristnu trúfélögum sem starfa hér á landi, hvað greinir þau hvert frá öðru og hvað þau eiga sameiginlegt“ og er meira að segja talað um „vettvangsferðir í kirkjur og aðra helgidóma“. Þar sem Vottar Jehóva eru tiltölulega fjölmennur trúarhópur hér á landi, sem auk þess hefur hlotið opinbera viðurkenningu, ætti námsefnið einnig að greina frá því í hverju sérstaða þeirra er fölginn.

Ástæða er til að taka undir með Morgunblaðinu þar sem segir að trúarbragðafræði eigi að vera sjálfsögð skylda í skólakerfinu, enda sé hún „ein forsenda gagnkvæms skilnings og friðsamlegrar sambúðar í fjölmenningarlegu samfélagi“. Að gera nemendum grein fyrir hvaða þýðingu einstaka trúarhugmyndir hafa fyrir hina trúðu er ekki trúboð heldur fræðsla sem er nauðsynleg forsenda víðsýnis og umburðarlyndis. Skortur á fræðslu í trúarefnum er hins vegar gróðrarstía vanþekkingar, fordóma og umburðarleysis.

Trúarbragðafræði ætti einnig að vera skyldufag í framhaldsskólum eins og í nágrannalöndunum. Í HÍ er nú boðið upp á þverfaglegt nám í almennum trúarbragðafræðum á vegum félagsvísindadeildar, guðfræðideildar og heimspeki-deildar og sýnir það þá vitundarvakningu sem á sér stað um mikilvægi þessara fræða.

Höfundur er í doktorsnámi í almennum trúarbragðafræðum við HÍ.



SÍDMENNT - FÉLAG SÍDRÆNNA HÚMANISTA Á ÍSLANDI

Undanfama daga hafa ýmsir opinberir aðilar og einstaklingar á vefniðlum og dagblöðum farið með rangt mál um stefnumál Síðmenntar. Félagið vill því koma eftirfarandi á framfæri:

- Frumvarp menntamálaráðherra til breytinga á grunnskólalögum er ekki áráð á kristni eða kristið siðferði á Íslandi.

Lagafrumvarp háttvirts menntamálaráðherra, Þorgeðar Katrínar Gunnarsdóttur, er í samræmi við úskurð Mannréttindadómstóls Evrópu í Strasbourg féi júní 2007. Dómurinn er fordæmisgefandi.

Tilgangur frumvarpsins er að taka í burt trúarlegan merkingu á siðferðislegt viðmið skólanna og nefna þess í stað sjálf siðferðisgildin. Þannig er höfðað til almenns siðferðis sem góð sátt í þjóðfélaginu ætti að nást um. Engum yðri mismunað og ekki verður lengur hægt að nota lögjón sem afsökun og ástæðu fyrir trúarlegri starfsemi og boðun í skólum landsins.

Mannréttindi barna ganga ekki út á spurninguna um meirihluta- eða minnihlutaþópa foreldra þeirra, heldur að börnin fái faglega menntun og fríð í skólastaði frá hvers kyns utanaðkomandi starfsemi eins og trúboði og pólitískri innrætingu. Skólinn er fræðlustofnun, en ekki trúboðstofnun.

Síðmennt vonar að um þetta frumvarp verði þverpólitísk samstaða og landmenn lýsi yfir eindregnum stuðningi sínum við það hvarvetna. Það er mikið í húfi því hlutlagan, veraldlegan grunn menntakerfisins þarf að vernda og styðja - öllum til góða.

- Síðmennt er ekki og hefur aldrei verið mótfallin kristinfræðslu í skólum

Síðmennt hefur alltaf stutt öflugna kennslu um trúarbrögð þar sem eðlilegt er að kristni og ásatrú fái aukna áherslu í ljósi sögu þjóðarinnar. Síðmennt mótmælir því hins vegar að trúboð og trúarlegar athafnir fari fram í opinberum skólum.

- Síðmennt er ekki á móti því að haldið sé upp á litlu-jól í skólum

Því hefur verið haldið fram að Síðmennt vilji láta banna litlu-jólin í skólum. Því hefur enn fremur verið haldið fram að Síðmennt vilji banna jóla- og páskafrí. Allt er þetta rangt.

- Síðmennt eru ekki „hatrómn samtök“

Þann 30. nóvember s.l. var hermt eftir biskupi þjóðkirkju Íslands í frétt 24-Stunda að Síðmennt væru „hatrómn samtök“.

Þessi ummæli eru í hróplegu ósamræmi við þann orðstír sem Síðmennt nýtur sem siðsamt, málefnalegt og ábyrgt lífskoðanafélag. Það hefur m.a. verið tilnefnt til verðlauna fyrir mikilvæg störf í þágu áskulýðsmála á landinu. Ummæli biskups eru ærumeiðandi og óvinn.

- Síðmennt býður þeim 1/5 hluta þjóðarinnar sem er trúlaus! ásamt öðrum val um mikilvægar félagslegar athafnir fjölskyldunnar og berst fyrir jafnrétti lífskoðanafélaga.

Borgaraleg ferming á vaxandi vinsældum að fagna og á næsta ári á hin 20 ára afmæli.

Veraldlegar / húmanískar giftingar, útfarir og nafngiftir. Með vorinu 2008 mun Síðmennt bjóða upp á þjónustu þjálfaðra athafnastjóra fyrir þessar mikilvægu félagslegu athafnir fjölskyldunnar.

Síðmennt berst fyrir því að á Alþingi verði borin fram lagafrumvarp þess efnis að trúlaus lífskoðanafélag fái réttindi og viðurkenningu til jafns við trúfélög. Með lífskoðanafélagi er átt við félag sem aðhyllist ákveðna siðferðislega sannfæringu og býður upp á ofangreindar félagslegar athafnir fyrir fjölskyldur í landinu.

Síðmennt óskar landsmönnum öllum gleðilegra hátíða og farsæls nýs árs!

Auglýsingin var fjármógnað með fjálsuam framlögum meðlima í Síðmennt og er þeim hjartanlega þakkað fyrir.

Bréf til frjálslyndra menntamanna

UMRÆÐAN

Trúmál

Þegar Guðni Ágústsson tók sína kristilegu jóðsótt á miðvikudag rann upp fyrir mér ljós. Í allri umræðu um tengsl kirkju og skólastarfs hafa frjálslyndir menntamenn vart sést. Illugi Jökulsson hefur aðeins bært á sér og Guðmundur Andri Thorsson hæglátlega talað um að íslenskt samfélag sé veraldlegt, en þess utan hafa gagnrýnendur afskipta kirkju af skóla setið einir undir holskeflu rangsnúinna upphrópana af vörum varðhunda hefðarinnar.

Meira að segja í hinu smáa Danaveldi eru frjálslyndir menntamenn sem rennur blóðið til skyldunnar þegar málefni samfélagsins ber á góma. Á Íslandi er þessu ekki að dreifa. Kannski eru frjálslyndir menntamenn einhverskonar huldukyn sem hvorki heyrist né sést.

Þetta er augljóst af viðbrögðum „kristilegra talsmanna“. Þessir „verðir samfélagsins“ virðast ófærir um málefnalega umræðu og kjósa frekar að gera strámenn úr „andstæðingum“ sínum og brenna á



GUÐMUNDUR INGI
MARKÚSSON

kesti eigin tilbúnings. Þannig þurfa foreldrar og aðrir sem komið hafa fram með hóflega gagnrýni að sitja undir rangfærslum um þeir vilji þurrka út kristni, leggja niður þjóðsönginn, rekja upp fánann og jafnvel að samfélaginu stafi ógn af málflutningi þeirra. Þjóðin er jú kristin (er hún einstaklingur?) og skoðanasystkini undirritaðs í besta falli afvegaleiddir Íslendingar.

Hvar eru frjálslyndu menntamennirnir? Hvar eru McEwan, Dawkins og Rushdie þessa lands? Ef þeir eru fleiri en tveir, af hverju heyrist ekki í þeim?

Svarið felst kannski í öðrum sannleika um Ísland. Við erum jú aðeins á stærð við höfuðstað Jótlands. Íslenskt samfélag er ef til vill of lítið til þess að „faglegt“ samfélag þrífist. Samfélag þar sem hægt er að taka ákvarðanir án þess að kunningjatengsl flækist fyrir, samfélag þar sem jaðarhljómsveitir þekkja ekki alla áhangendur sína, samfélag þar sem fólk fer ekki hjá sér við opinskáa umræðu, samfélag þar sem frjálslyndir menntamenn eru fleiri en tveir.

Höfundur er trúarbragðafræðingur.

Stefna Siðmenntar í trúfrelismálum



Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna... - 64. gr. Stjórnarskrár Íslands

Congress shall make no law respecting an establishment of religion, or prohibiting the free exercise thereof... - The bill of rights, 1st amendment

Siðmennt – félag um borgaralegar athafnir
símar: 557-3734, 567-7752
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is
Nánari upplýsingar um stefnu Siðmenntar í trúfrelismálum gefur:
Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður Siðmenntar, í síma 898-7585

Þessum bæklingi hefur m.a. verið dreift til alþingismanna og á háskólaráðstefnum.

Stefna Siðmenntar í trúfrelismálum

Stjórn Siðmenntar telur að markmið stjórnvalda eigi að vera að tryggja frelsi einstaklinga og vernda rétt þeirra til að lifa samkvæmt þeim lífsskoðunum sem þeir sjálfir kjósa. Stjórnvöld eiga að vera hlutlaus, óháð trúarbrögðum og eiga ekki að hygla ákveðnum lífsskoðunum umfram önnur. Þess vegna verður að aðskilja ríki og kirkju. Aðskilnaður ríkis og kirkju felur m.a. í sér að jafna lagalega, fjárhagslega og félagslega stöðu þeirra hópa sem aðhyllast ólíkar lífsskoðanir. Óðrúfisi verður trúfrelsi, og þar með frelsi einstaklingsins, ekki tryggt.

1. Jafna þarf lagalega og fjárhagslega stöðu trúfélaga

Lögbundin mismunun

Í 62. gr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 1944 nr. 33 17. júní, stendur:

Hin evangélíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.

Þessi málsgrein er bersýnilega í mótsögn við 1. málsgrein 65. greinar sömu stjórnarskrár þar sem segir að:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Önnur greinin verður augljóslega að víkja.

Fjárhagsleg mismunun

Annað hvort verða yfirvöld að hætta að styrkja og styðja öll trúfélög á Íslandi eða sjá til þess að öll trúfélög fái sama stuðning.

Þetta væri t.d. hægt með því að fella niður allan þann stuðning sem Þjóðkirkjan fær umfram sóknargjöld og hækka svo sóknargjöldin í samræmi við tekjutap Þjóðkirkjunnar. Með þessari aðgerð myndu þá sóknargjöld allra trúfélaga hækka hlutfallslega jafnt og þannig væri jafnrétti betur tryggt.

Tekið skal fram að þær aukatekjur sem Þjóðkirkjan fær umfram aðra söfnuði, þ.e. fyrir utan sóknargjöld, (um 2 milljarðar á ári) eru réttlættar með yfirtöku ríkisins á kirkjujörðum. Þessi réttlæting dugar þó skammt af nokkrum ástæðum.

- Ljóst er að tekjur af kirkjujörðum á Íslandi stæðu tæplega undir þeim fjárframlögum sem nú eiga að renna sem gjald til kirkjunnar vegna yfirtöku kirkjujarða. Þetta hefur þó hvergi verið reiknað til fullnustu og við vitum því ekki hvaða tölur lágu til grundvallar „skaðabótum“ ríkisins vegna yfirtöku kirkjujarða sem samið var um sem prestlaun 1997. Ljóst er því að sá samningur sem ríkið gerði við Þjóðkirkjuna um yfirtöku kirkjujarða á sér vægast sagt veikar forsendur.
- Samkvæmt brauðamatinu 1854 skiptust tekjur presta fyrir landið allt þannig: Tekjur af prestsetrum 18%. Aðrar eignatekjur kirkjunnar (Kirkjujarðir, hlunnindi, útkirkjur) 34%. Ýmis sóknargjöld (tíund, dagsverk, aukaverk, offrur o.fl.) 36%. Greiðslur fyrir prestverk 12%. (Heimild: Grein eftir Gísli Gunnarsson í ritinu Íslenska Sögupingið 30.máí -1. júní 2002, Ráðstefnurit II, "Fjárhagslegar forsendur kirkjustarfs frá 16. öld til 1874", töflur 11 og 12, bls. 173, 175).

- Ljóst er því að þær kirkjueignir sem verið var „að bæta kirkjunni“ með 2 milljörðum í árlegum greiðslum samkvæmt samkomulaginu 1997 veittu kirkjunni aðeins 34% af tekjum hennar áður fyrr, raunar er hæpið að telja hér útkirkjur með. Þar sem þar var mest um að ræða tekjur af svonefndum einkakirkjum sem voru í eign einstaklinga. Mundi það minnka kirkjueignirnar sem ríkið yfirtók í 26% af heildartekjum presta 1854, 23% af kirkjujörðum og 3% af ýmsum „hlunnindum“. Athyglisvert er hve lítil munur var á tekjum af prestsetrum annars vegar og kirkjujörðum hins vegar (18% og 23%), einkum þegar haft er í huga hve þunglega kirkjuþing tekur nú í tilboð ríkisins um að þjóðkirkjan yfirtaki nú prestsetrin með 150 milljón króna meðgjöf! Hvað segði kirkjuþing ef kirkjunni væri boðið að yfirtaka allar sínar kirkjujarðir, eða andvirði þeirra sem seldar hafa verið með eingreiðslu, og sleppti í staðinn tveggja milljarða árlega framlaginu frá ríkinu?
- Einnig ber hér að hafa í huga að á fyrri tímum gegndi kirkjan ýmsum hlutverkum sem nú eru í höndum annarra aðila, t.d. í mennta- og félagsmálum. Eiga þá mennta- og félagsstofnanir þessa lands ekki að fá líka hlut í þessum margumræddu kirkjueignum?

Afnema þarf lög um guðlast

Í 125. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir:

Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða [fangelsi allt að 3 mánuðum]. 1) Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.

Ofangreind lög geta varla samrýmst tjáningarfrelsi því er skilgreint er í Stjórnarskrá Íslands enda er það meðal mikilvægustu réttinda manna að geta tjáð sig óhikað um samfélagið sem þeir búa í.

2. Nánar um fjárhagslega mismunun

Ríkið (skattgreiðendur allir) greiðir fyrir undirbúning klerkastéttar eins trúfélags, þjóðkirkjunnar (sjá: 2. gr. laga nr. 41 1999 um Háskóla Íslands).

- Annað hvort á að leggja guðfræðideild HÍ niður eða gera öllum trúfélögum jafnt undir höfði.
- Það er líklegast verið að bera í bakkafullan lækinn með því að gagnrýna þau milljarða fjárútlát sem fóru í Kristnitökuhátíð. Engu að síður er óréttlátt að allir skattgreiðendur þurfi að greiða fyrir hátíðarhöld þar sem verið er að fagna forréttindum eins trúarhóps. Sama má segja um 60 milljón króna riti um sögu kristni á Íslandi.
- Því miður má taka fjölmörg önnur dæmi af fjárhagslegri mismunun trúfélaga og óviðeigandi afskipta ríkisvaldsins af trú almennings. T.a.m. hlýtur að teljast óeðlilegt að veraldleg yfirvöld styrki trúboðssamtök á borð við KFUM/K um margar milljónir á ári (7 milljónir árið 2000). Samkvæmt lögum og markmiðum KFUM/K er tilgangur félagsins að stunda trúboð:

Meginmarkmið KFUM og KFUK er að ungt fólk kynnist Jesú Kristi og gangi til þjónustu við hann.

Hvernig trúboð eins trúarsafnaðar á kostnað alls almennings í landinu samrýmist ákvæðum um trúfrelsi og jafnræðisreglu Stjórnarskráinnar er erfitt að skilja.

3. Um félagslegt jafnrétti

Hlutdræg kristnifræðsla og stundum trúboð er stundað í opinberum skólum

Í námskrá grunnskóla frá 1999 stendur m.a. að:

Kristilegt siðgæði á að móta starfshætti skólans ásamt umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi. Þó að þetta eigi við um skólastarfið almennt hlýtur kennsla í kristnum fræðum að sinna þessum þætti sérstaklega og vinna markvisst að því að stuðla að siðgæðisþroska nemendanna í glímu við siðferðileg álitamál. Gengið er út frá því að það sé gert í ljósi kristilegrar siðfræði.

Trúarleg innræting eða „siðferðiskennsla“ tengd ákveðnum trúarbrögðum ætti aldrei að eiga sér stað í opinberum skólum eins og dæmin sanna því miður að nú er gert. Hér er gefið í skyn að umburðarlyndi, lýðræði og siðferði séu sérstaklega kristileg fyrirbæri. Það er auðvitað ekki rétt. Erfitt getur verið fyrir þá sem ekki eru kristnir (trúlausir eða annarar trúar) að hlusta á og sætta sig við slíkan boðskap í ríkisreknum skólum.

Í sömu námskrá kemur fram að nemendur eigi að gera sér:

...grein fyrir því hvaða þýðingu krossdauði Jesú og upprisutruín hefur fyrir kristna einstaklinga andspænis dauðanum og þá von sem henni tengist.

Á að kenna þetta í skólum? Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir trúlausa og þá sem eru annarar trúar?

Samkvæmt námskrá er tilgangur kristnifræðslunnar:

[efla] trúarlegan... þroska [nemenda]

Í námskrá grunnskólans kemur fram að kenna eigi börnum bænir og sálma auk þess sem því er haldið blákalt fram að ýmsar goðsögur kristinnar trúar, þ.m.t. að meyfæðing og upprisa Jesú, séu sagnfræðilegar staðreyndir.

Kristin trú á sér rætur í sögulegum atburðum, allt frá tímum Gamla testamentisins, sem ná hámarki í lífi og starfi, dauða og upprisu Jesú Krists.

Þennan einhliða boðskap eiga öll börn á grunnskólaaldri að hlýða á nema að foreldrar og forráðamenn óski sérstaklega eftir því að börnum þeirra sé hlíft. Þessu veigra forráðamenn sér eðlilega við að gera því þá lenda börn þeirra jafnvel í því að þurfa að hanga ein fram á gangi meðan kristnifræðslan á sér stað og þurfa að svara spurningum um hvers vegna þau eru svona ólík öðrum.

Mörg dæmi eru um að heilu skóladögunum sé eytt í að kenna börnum að semja og fara með kristnar bænir og stundum kemur fyrir að farið er með börn í messur á skólatíma og þá jafnvel án leyfis foreldra.

Jafnframt kemur fyrir að fermingarfræðslunni svokölluðu sé komið fyrir inni í miðri stundaskrá nemenda þannig að ferming lítur út fyrir að vera hluti af eðlilegu skólastarfi. T.a.m. eru farnar dagsferðir með krakkana á skólatíma fyrir fermingarfræðslu. Þetta er bæði óréttlátt og líklegast brot á grunnskólalögum sem kveða á um fjölda kennsludaga.



www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is
sími: 557-3734

Ríkisútvarpið, útvarp kristinna landsmanna?

Í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið frá árinu 2000 nr. 122 30. júní segir m.a.:

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Eðlilegt er að fjölmiðill í eigu almennings gæti fyllsta hlutleysis. Þetta á ekki síst við þegar fjallað er um trúarbrögð. Því er ekki viðeigandi að á dagskrá ríkisfjölmiðils sé predikun eða annar einhliða trúaráróður. Því er mælt til að allt trúboð verði tekið af dagskrá ríkisfjölmiðla. Sérstaklega eru gerðar athugasemdir við trúarboðskap í ýmsum barnabáttum á vegum Ríkisútvarpsins. Trúaruppeldi á alfarið að vera á ábyrgð foreldra en ekki ríkisins.

Fyrrum menntamálaráðherra Þjóðarinnar sagði í ræðu árið 1995 að:

Hlutur [Ríkisútvarpsins] í þágu kirkjunnar hefur jafnan verið mikill.

Þetta er rétt, en er um leið afar óviðeigandi og í andstöðu við lög um Ríkisútvarpið.

Alþingi allra Íslendinga hefst með messu og bænagjörð

Það er ekki hlutverk alþingismanna að hlusta á predikanir um gildi kristinnar og fara með bænir. Alþingi á að vera veraldleg stofnun en ekki kirkjuleg. Þeim sem ekki tilheyra kristnum trúarbrögðum líður stundum eins og annars flokks þegnum. Er þetta ein ástæðan. Það er nánast gefið í skyn að þingmenn geti ekki verið annarar trúar eða trúleysingjar.

Almenningi er bannað samkvæmt lögum að vinna á helgidögum kristinna

Vegna óeðlilegra tengsla ríkis og kirkju eru atvinnulífinu settar skorður af trúarlegum ástæðum. Einu sinni máttu menn ekki vinna á sunnudögum og enn mega menn ekki vinna á hinum ýmsu hátíðisdögum kristinnar. Hvenær fólk vinnur eða tekur sitt frí ætti að vera sammingsatriði milli launþega og atvinnuveitenda, ekki launþega og kirkjuyfivalda.

- Í Bandaríkjunum var hin svokallaða sunnudagslöggjöf, sem bannaði mönnum að vinna á sunnudögum, felld úr gildi vegna þrýstings þeirra sem ekki voru kristnir, einna helst gyðinga. Bókstafstrúaðir gyðingar gátu ekki, trúar sinnar vegna, unnið á laugardögum (sem er helgidagur þeirra) og var bannað af ríkinu að vinna á sunnudögum (helgidegi kristinna). Gyðingar og aðrir þeir sem héldu laugardaginn heilagan voru því neyddir til að taka sér frí í tvo daga í staðinn fyrir einn. Þetta þýddi augljóslega mikið óréttlátt fjárhagslegt tap sem menn gátu ekki sætt sig við til lengdar. Sama gildir um íslensk lög sem banna mönnum að vinna á jólum og páskum. Hvers vegna ætti þeim sem ekki taka helgidaga kristinna alvarlega að vera bannað samkvæmt lögum að vinna fyrir sér og veita þjónustu á þessum dögum? Sérhver maður hlýtur að sjá óréttlætið í slíku fyrirkomulagi.

Börn eru skráð sjálfkrafa í trúfélag móður

Ríkið á ekki að hafa milligöngu í því að skrá ómálga börn í trúfélög frekar en önnur félög. Foreldrar ættu sjálfir að sjá um skrá börn sín í trúfélög ef þeim finnst eðlilegt að börn séu yfirleitt skráð í slík félög.

Ólíklegt er að það tíðkist að ung börn séu skráð í félagasamtök sem þau þurfa síðar að greiða gjöld til nema þau skrái sig sérstaklega úr samtökunum (sem þau sjálf skráðu sig aldrei í). Gæti þetta fyrirkomulag t.d. átt við um stjórnmalaflokka? Þætti það viðeigandi?

Grafreitir eru undir stjórn kirkjunnar

Í fjölmennningarlegu samfélagi er eðlilegt að grafreitir séu undir stjórn sveitarfélaga en ekki eins ákveðins trúsafnaðar.

4. Um mismunun vegna ólíkra lífsskoðana

Eins og fram hefur komið er fólki mismunað talsvert eftir því hvaða trú það aðhyllist. Því fólki sem stendur utan allra trúarbragða er þó mismunað enn frekar. Ríkisvaldið styrkir öll skráð trúarbrögð með innheimtu sóknargjalda í gegnum skattfé fyrir viðkomandi trúfélag. Önnur lífsskoðanafélög og trúfélög sem ekki hafa fengist opinberlega skráð fá enga slíka styrki eða þjónustu.

Sóknargjöld

Ríkið sér af einhverjum ástæðum um að innheimta sóknargjöld fyrir trúfélög. Hver einasti þegn landsins er rukkaður um 6800 krónur á ári sem renna beint í þá sókn eða það trúfélag sem viðkomandi er skráður í. Ef viðkomandi einstaklingur er ekki í skráðu trúfélagi eða er trúlaus ber honum samt að borga 6800 krónur sem þá renna til Háskóla Íslands. Þeim sem standa utan trúfélaga er þannig refsað fyrir það því þeim er gert að borga aukalega um 60 milljónir á ári til Háskólamenntunar (61.000.000 árið 2000 samkvæmt ríkisreikningi).

Gagnrýna má ýmislegt við það fyrirkomulag sem er á svokölluðum sóknargjöldum. Alvarlegast er þó að lífsskoðanafélögum er gróflega mismunað eftir því hvort meðlimir þeirra trúa á yfirmáttúruleg fyrirbrigði eða ekki. Þetta getur einfaldlega ekki staðist jafnræðisreglu Stjórnarskráinnar. Annað af tvennu þarf að gera:

- Leggja niður sóknargjöld með öllu og leyfa trú- og lífsskoðanafélögum að fjármagna starfsemi sína óháð yfirvöldum.

Viðurkenna önnur lífsskoðanafélög en þau sem krefjast átrúnaðar á yfirmáttúrulegar verur og veita þeim sama lagalaga rétt og önnur lífsskoðanafélög hafa. Þannig gætu þeir sem eru í lífsskoðanafélögum látið sóknargjöld sín renna til þess félags. Einnig þarf að gefa fólki þann valkost að fá sóknargjöld sín endurgreidd ef það vill ekki tilheyra neinum lífsskoðanafélögum.

Prestar og sálfræðingar

Þeir sem standa utan trúfélaga verða af ýmiskonar þjónustu sem má skilgreina sem almenna félagslega grunnþjónustu.

- Meðlimir Þjóðkirkjunnar fá ókeypis sálgæslu á spítölum, félagsheimilum og í kirkjum landsins. Á meðan kostar það mörg þúsund krónur að fara til sálfræðings.
- Að vísu stendur öllum þjónusta presta til boða en auglóslega hafa t.d. trúleysingar lítið að gera með að leita huggunar hjá prest í veikindum eða á dánarbeiði.

Önnur aðstaða

Trúleysingjar og aðrir þeir sem standa utan trúfélaga hafa jafn mikla þörf fyrir að halda upp á sömu tímamót og aðrir. Giftingar, nafngiftir, greftranir og manndómsvígslur eru athafnir sem hafa líklegast alltaf fylgt manningnum. Þó þessar athafnir séu yfirleitt tengdar við trúarbrögð þá eru þær ekki upprunnar þaðan.

- Ríkið sér um að útvega hinum ýmsu söfnuðum húsnæði og aðra aðstöðu, m.a. til þess að framkvæma þessar athafnir. Þjóðkirkjusöfnuðir fá t.a.m. gefins land frá ríkinu undir allar sínar kirkjur og prestsetur auk þess sem öll gatnagerð og viðhald er greitt af almannafé. Þessi stuðningur ríkisvaldsins er beinlínis lögbundinn (sjá: 5. gr. laga nr. 35 1970 um Kristnisjóð). Yfirvöld hafa enn fremur greitt kostnað af byggingarframkvæmdum og gefið eftir fasteignagjöld þó á þeim hvíli engin lagaskylda til þess.
- Þeir sem standa utan trúfélaga en vilja taka þátt í þessum athöfnum, annað hvort sem einstaklingar eða með hjálp lífsskoðanafélaga fá enga slíka aðstoð frá ríkinu. Fólk utan trúfélaga má nýta sér aðstöðu Þjóðkirkjunnar en eins og eðlilegt er þykir mörgum það óþægilegt og jafnvel óviðeigandi.

Sjá nánar:

- *Aðalnámsskrá grunnskóla 1999*
- *Fjárhagslegar forsendur kirkjustarfs frá 16. öld til 1874* – Gísli Gunnarsson.
- Greinar á www.sidmennt.is um ríki og trú:
<http://www.sidmennt.is/greinar/>
- *Grundvöllur fjármála Þjóðkirkjunnar.*
http://www.kirkjan.is/biskupsstofa/?fjarmal/grundvollur_fjarmala
- *Kirkjan, trúfrelsið og jafnrétti trúfélaga* – Steingrímur Gautur Kristjánsson
- *Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands:*
<http://www.althingi.is/lagasofn/127a/1944033.htm>



Lög um skráningu trúfélaga

(Lög nr. 108 28. desember 1999)

- Um trúfrelsi og almennt skilyrði skráningar:
 - „Rétt eiga menn á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Eigi má þó fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Á sama hátt eiga menn rétt á að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir, þ.m.t. um trúleysi. Eigi er skylt að tilkynna stjórnvöldum um stofnun eða starfsemi trúfélaga eða annarra félaga um lífsskoðanir.“ (Úr I. kafla, 1. gr.)
 - „Skilyrði fyrir skráningu trúfélags er að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur.“ (Úr II. kafla, 3. gr.)



Athugasemdir með lagafrumvarpinu

(125. löggjafarþing 1999–2000. Þskj. 69 — 69. mál.)

- Afstaðan til fræðilegra skilgreininga á trúarhugtakinu:
 - „Samkvæmt því verður að telja að með „trúfélagi“ í lögum nr. 18/1975 sé átt við *félög sem leggja stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur.*“ (Kafli 3.0 um hugtakið trúfélag.)
 - „Ekki ber að líta svo á að 3. gr. feli í sér fræðilega skilgreiningu á hugtakinu trúfélag sem trúarbragðafræðingar gætu sammælst um heldur eru þar sett fram skilyrði fyrir skráningu sem tekur mið af þeirri skilgreiningu hugtaksins „trúfélag“ sem stjórnarskráin og gildandi lög um trúfélög eru byggð á. ... Áréttað skal að þessi skilgreining rúmar ekki hvers kyns félög sem boða lífsskoðanir. Utan hennar falla m.a. félög sem boða trúleysi eða reisa lífssýn sína á öðrum þáttum en þeim sem skilgreiningin hér að framan er reist á.“ (Kafli 4.0.2 um helstu nýmæli frumvarpsins.)



Vandinn með lögin og þingskjalið

- Hvergi er skilgreint hvað átt er við með ...
 - „trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur“.
- Óljóst er hvað átt er við með ...
 - trú.
 - trúleysi.
 - T.d. er danska orðin „ateistiske samfund“ þýtt sem „félög um trúleysi“.
 - Fordæmi er fyrir því að félag sem boðar „trúleysi“ hafi fengið skráningu sem trúfélag.
 - Zen á Íslandi – Nátthagi.
- Skilgreiningum trúarbragðafræðinga er hafnað.
 - Nefnd þriggja fræðimanna ber að veita álit um umsóknir út frá lögum en ekki trúarbragðafræðum.
 - Frá Lagadeild HÍ.
 - Frá Félagsvísindadeild HÍ.
 - Frá Guðfræðideild HÍ.



Öryfirlit yfir íslenska löggjöf um trúfélög

- Trúarnauðung á Íslandi fram til 1874.
 - Önnur trúarbrögð voru álitin villutrú og tekið hart á þeim.
- Um árið 1786 eru nokkrar undanþágur veittar:
 - Kristnum trúarhópum er heitið frelsi til guðspjónusta í tilteknum kaupstöðum.
 - Gyðingum er veitt landvist.
 - Öllum trúfélögum er veitt vernd gegn smánun.
- Trúfrelsi er fyrst lögleitt með stjórnarskránni árið 1874.
 - Evangelísk-lúthersk kirkja skal vera þjóðkirkja og ber hinu opinbera að styðja hana og vernda.
 - Almennt félagafrelsi lögleitt að því tilskyldu að hvorki megi kenna né fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu.
 - Enginn má galta neinum borgaralegum réttindum vegna trúarbragða sinna né skorast undan almennri félagsskyldu.
 - Árið 1915 er því bætt við stjórnarskrána að breyta megi með lögum ákvæðinu um þjóðkirkjuna og allir utan skráðra trúfélaga greiði til HÍ.